



ÁRSSKÝRSLA GARÐASKÓLA 2020-2021

Ársskýrsla Garðaskóla 2020-2021

Ritstjóri: Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

Höfundar efnis:

Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ásta Huld Henrysdóttir, deildarstjóri

Betty Jónsdóttir, fagstjóri

Dagur Sævarsson, kennari í myndlist og tónlist

Elena Einisdóttir, fagstjóri

Erla Karlsdóttir, fagstjóri

Eyrún Birna Jónsdóttir, kennari í textíl

Gísli Rúnar Konráðsson, fagstjóri

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers

Halla Thorlacius, fagstjóri

Herborg Eðvaldsdóttir, kennari í myndlist

Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, deildarstjóri

Hrönn Axelsdóttir, kennari í heimilisfræði

Hulda Kristmannsdóttir, íslenskukennari

Hulda Sigurjónsdóttir, kennari í heimilisfræði

Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Karítas Bjarkadóttir, deildarstjóri Garðahrauns

Kristín Þórunn Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi

Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, fagstjóri

Jón Einar Lambi Haraldsson, smíðakennari

Þórunn Grétarsdóttir, skólasafnskennari

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Garðaskóli	5
Skóladagatal 2020-2021	5
Nemendur	6
Þróun nemendafjölda	7
Starfsumhverfi nemenda	8
Matsala nemenda	8
Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla	8
Nemendaráð Garðaskóla	9
Samræmd könnunarpróf	9
Starfsfólk Garðaskóla	11
Stjórnendur og nemendavernd	11
Fagstjórar	12
Breytingar í starfsmannahópnum	12
Nefndir og ráð	14
Starfsþróun	14
Samstarfsaðilar í húsinu	15
Íþróttafélög	15
Tónlistarskólinn í Garðabæ	15
Foreldrafélag Garðaskóla	16
Aðalfundur	17
Skólaráð	17
Áfallaráð	18
Læsi í garðaskóla	18
Skýrsla læsisteymis Garðaskóla	18
Upplýsingatækni	20
Húsnæði Garðaskóla	20
Innra og ytra mat	21
Ársskýrslur deilda	21

Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála _____	21
Viðvera nemenda _____	22
Viðburðir og uppbrot í skólastarfi _____	25
COVID-19 _____	26
Skýrsla deildarstjóra námsvers _____	26
Skýrsla fagstjóra í dönsku _____	38
Skýrsla fagstjóra í ensku _____	40
Skýrsla fagstjóra í íslensku _____	42
Skýrslur list- og verkgreinakennara _____	45
Skýrsla heimilisfræðikennara _____	45
Myndlist og tónlist _____	49
Smíði _____	50
Textíl og fatahönnun _____	50
Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði _____	51
Skýrsla fagstjóra í samfélagsfræði _____	52
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði _____	55
Skýrsla skólasafns Garðaskóla _____	58
Skýrsla deildarstjóra Garðahrauns _____	60
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa _____	66

INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Í ársskýrslunni er fjallað um það sem hæst bar í starfsemi skólans 2020-2021. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Almennar lýsingar á skipulagi skólans eru birtar í [starfsáætlun](#), [námsáætlunum](#) og öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á [heimasíðu Garðaskóla](#) má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Skólinn gefur út [fréttabréf](#) með hagnýtum upplýsingum og umfjöllun um helstu áhersluatriði nokkrum sinnum á ári. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánu samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Að venju er samt skýrslan greinargerð um öflugt og skapandi starf kennara og annars starfsfólks, nemenda og foreldrasamfélags í Garðaskóla. Skólastjóri þakkar samstarfsfólki frábært samstarf á skólaárinu 2020-2021. Sérstakar þakkir fá stjórnendur, fagstjórar og ábyrgðarmenn verkefni sem hafa lagt til kafla í þá skýrslu sem hér birtist.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2020-2021.

Garðabær, ágúst 2021,

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

GARÐASKÓLI

Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglingastig sem á gott samstarf við grenndarsamfélag sitt. Skólinn veitir m.a. öfluga starfsfræðslu í samstarfi við atvinnulífið og rekur valgreinar í samstarfi við íþróttafélög í Garðabæ. Félagsmiðstöðin Garðalundur deilir húsnæði með skólanum og daglegt flæði er milli skóla og félagsmiðstöðvar. Þessi flétta nýtist nemendum vel í leik og starfi.

Í ágúst 2019 bættist ný deild við skólann þegar Garðahraun var opnað. Garðahraun er frístundaúrræði fyrir fötluð börn í 5.-10. bekk sem búsett eru í Garðabæ.

Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðallega þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurs hóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi. Til viðbótar við kennara starfa við skólann námsráðgjafar, þroskaþjálfar og félagsráðgjafi sem auk stjórnenda greina margvíslegar þarfir nemenda og styðja við þá með það að markmiði að hver einstaklingur nái að nýta sem best þau námstækifæri sem í boði eru innan skólans.

Skólinn á rötgróid samstarf við Fjölbautaskólann í Garðabæ (FG) og nemendum býðst að taka nám á öðru þrepi framhaldsskólans á meðan þeir stunda nám í Garðaskóla. Hópa- og ferðakerfi Garðaskóla býður nemendum fjölbreyttar námsleiðir sem hver einstaklingur getur sniðið að áhuga sínum og námslegum þörfum.

Í Garðaskóla er rík áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og að efla hæfni nemenda til lýðræðislegrar þátttöku. Nemendur fá markvissa þjálfun í gagnrýninni hugsun og þátttöku í samræðu. Þeim gefst kostur á að starfa að umbótum innan skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nemendur hafa áhrif á námsframboð og vinnulag í skólanum og taka þátt í framkvæmd ýmissa verkefna, t.d. kennslu á uppbrotsdögum.

SKÓLADAGATAL 2020-2021

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólanefnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Í Garðaskóla er skóladagatal ávallt aðgengilegt á [vef skólans](#). Fyrir starfsmenn er birt ítarlegri útgáfa þar sem fundir og nánari skýringar á uppbrotsverkefnum eru settar inn til að auðvelda skipulag á daglegu starfi.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla sem birt var á vef skólans vorið 2020:

Skóladagatal Garðaskóla 2020 - 2021

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 L	1 D	1 F	1 S <small>Vika 40</small>	1 D <small>Skóladagurinn</small>	1 F <small>Nýársdagur</small>	1 M	1 M	1 F <small>Skólagar</small>	1 L <small>Skóladagurinn</small>	1 D
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F <small>Friðdagurinn langi</small>	2 S <small>Vika 18</small>	2 M <small>Viðfarf 10. bekkja</small>
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S <small>Vika 1</small>	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F <small>Viðfarf 10. bekkja</small>
4 Þ	4 F	4 S <small>Vika 41</small>	4 M	4 T	4 M	4 F	4 F	4 S <small>Þriðdagurinn</small>	4 Þ	4 F <small>Viðfarf 10. bekkja</small>
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F <small>Dagur starfræðna</small>	5 F	5 M <small>Annar í jókunum</small>	5 M	5 L
6 F	6 S <small>Vika 37</small>	6 D <small>Samráðsdagur hanna og fátta</small>	6 F	6 S <small>Vika 50</small>	6 M <small>Meðlandinn</small>	6 L <small>Dagur leikskólans</small>	6 L	6 Þ	6 F	6 S <small>Skólamiddagurinn</small>
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S <small>Vika 6</small>	7 S <small>Vika 10</small>	7 M	7 F	7 M <small>Annar í jókunum</small>
8 L	8 Þ <small>Dagur barna</small>	8 F	8 S <small>Skóladagur þriggja sinna</small>	8 Þ	8 F	8 M	8 M <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki, lauska</small>	8 F	8 L	8 D <small>Viðfarfingisdagur</small>
9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 Þ <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki, Skólaströnd</small>	9 F	9 S <small>Vika 19</small>	9 M <small>Skólaþrátt</small>
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S <small>Vika 2</small>	10 M	10 M <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	10 L	10 M	10 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>
11 Þ	11 F	11 S <small>Vika 42</small>	11 M <small>Annar í jókunum</small>	11 F	11 M	11 F <small>Annar í jókunum, Ungi Ísli 2021</small>	11 F <small>Skólaþrátt 8. bekkja</small>	11 S <small>Vika 15</small>	11 Þ	11 F <small>Skólaþrátt 7. bekkja</small>
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	12 M	12 M	12 L
13 Þ	13 S <small>Vika 38</small>	13 Þ	13 F	13 S <small>Vika 31</small>	13 M	13 L	13 L <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	13 Þ	13 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	13 S <small>Vika 24</small>
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S <small>Vika 7</small>	14 S <small>Vika 11</small>	14 M	14 F	14 M <small>Skólaþrátt 9. bekkja</small>
15 L	15 Þ	15 F	15 S <small>Vika 47</small>	15 Þ	15 F	15 M <small>Skólaþrátt</small>	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S <small>Vika 34</small>	16 M <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	16 F	16 M <small>Dagur skólafræðna</small>	16 M	16 L	16 Þ <small>Skólaþrátt</small>	16 Þ	16 F	16 S <small>Vika 20</small>	16 M
17 M <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S <small>Vika 3</small>	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F <small>Viðfarfingisdagurinn</small>
18 Þ <small>Skólaþrátt 2. bekkja</small>	18 F	18 S <small>Vika 43</small>	18 M	18 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	18 M	18 F <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki</small>	18 F <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki</small>	18 S <small>Vika 16</small>	18 Þ	18 F
19 M <small>Skólaþrátt 3. bekkja</small>	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki</small>	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F <small>Skólaþrátt 4. bekkja</small>	20 S <small>Vika 30</small>	20 Þ	20 F <small>Dagur menntamála</small>	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F <small>Skólaþrátt 5. bekkja</small>	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S <small>Vika 9</small>	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S <small>Vika 48</small>	22 Þ	22 F <small>Skólaþrátt</small>	22 M <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	22 M	22 F <small>Samráðskólamenningarfélagsbeiki</small>	22 L	22 Þ
23 S <small>Vika 35</small>	23 M	23 F <small>Skólaþrátt 6. bekkja</small>	23 M	23 L <small>Skólaþrátt</small>	23 L	23 Þ <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	23 Þ	23 F	23 S <small>Vika 21</small>	23 M <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>
24 M <small>Skólaþrátt 7. bekkja</small>	24 F	24 L <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	24 S <small>Vika 49</small>	24 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	24 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	24 S <small>Vika 4</small>	24 M <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	24 M	24 L	24 M <small>Annar í jókunum</small>
25 Þ	25 F	25 S <small>Vika 44</small>	25 M	25 F <small>Skólaþrátt</small>	25 M	25 F <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	25 F	25 S <small>Vika 17</small>	25 Þ	25 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>
26 M	26 L <small>Skólaþrátt 8. bekkja</small>	26 M	26 F	26 L <small>Annar í jókunum</small>	26 Þ <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	26 S <small>Vika 5</small>	26 F <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S <small>Vika 46</small>	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F <small>Skólaþrátt</small>	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S <small>Vika 9</small>	28 S <small>Skólaþrátt 10. bekkja</small>	28 M	28 F <small>Skólaþrátt</small>	28 M
29 L	29 Þ	29 F <small>Vika 49</small>	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 M	29 L	29 S	29 Þ
30 S <small>Vika 36</small>	30 M	30 F	30 M	30 L	30 F	30 L	30 Þ <small>Viðfarfingisdagurinn</small>	30 F	30 S <small>Vika 22</small>	30 M
31 M	31 Þ	31 L	31 F	31 F <small>Skólaþrátt</small>	31 S <small>Vika 5</small>				31 M <small>Skólaþrátt</small>	31 M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Vegna skerts skólstarfs í samkomubanni vegna COVID-19 var skipulagsdegi bætt inn í skóladagatalið mánudaginn 2. nóvember auk þess sem skólahald var fellt niður 25. og 26. mars og skóladögum fækkaði þar með.

NEMENDUR

Við skólaslit í júní 2021 voru nemendur skólans 547.

<i>Bekkur</i>	<i>Drengir</i>	<i>Stúlur</i>	<i>Heildarfjöldi í bekk</i>
8. EE	10	10	20
8. EK	9	15	24
8. GHÁ	10	13	23
8. GRG	7	16	23
8. HLG	10	12	22
8. KH	7	14	21
8. OP	10	14	24

8. RS	9	12	21
8. RT	7	15	22
<i>Samtals 8.b</i>	79	121	200
9. BJ	12	13	25
9. DS	13	11	24
9. GS	13	10	23
9. GPF	15	10	25
9. HS	11	15	26
9. RBP	13	11	24
9. SÁ	14	10	24
<i>Samtals 9.b</i>	91	80	171
10. ALH	8	16	24
10. ARO	11	14	25
10. EHR	13	8	21
10. HK	7	14	21
10. KFS	11	13	24
10. KS	11	10	21
10. SSH	8	11	19
10. ÞH	13	8	21
<i>Samtals 10.b</i>	82	94	176
	Alls drengir: 252	Alls stúlkur: 295	Heildarfjöldi nemenda: 547

Þróun nemendafjölda

Á milli skólaáranna 2019-2020 og 2020-2021 fjölgaði nemendum í Garðaskóla um 26. Haustið 2021 eru fjöldi innritaðra nemenda í 8. bekk yfir 200 og því ljóst að nemendafjöldi skólans mun aukast um a.m.k. 24.

Starfsumhverfi nemenda

Á unglingsstigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku samkvæmt Aðalnámskrá. Kennslustundir í Garðaskóla eru skipulagðar sem 55 mínútna einingar en ekki 40 mínútna eins og Aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Vinnuvika nemenda er því 24-25 kennslustundir. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum annað hvort kl. 14.15 eða kl. 15.15. Hjá öllum nemendum er yndislestrartími í 20 mínútur um miðjan morgun. Vegna morgunfundar starfsmanna hófst kennsla kl. 9.25 á þriðjudögum. Skipulag stundatafla er að öðru leyti afar misjafnt milli nemenda þar sem töflur þeirra eru einstaklingsmiðaðar í 9. og 10. bekk.

Námið í Garðaskóla er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og þeir geta fengið lánaða bolta og fleira til útileikja á skrifstofu skólans. Í frímínútum og eyðum hafa nemendur aðgang að Miðjunni, upplýsingaveri skólans, þar sem aðstaða er góð til lesturs, heimanáms, tafls eða til að eiga rólega stund. Einnig geta nemendur farið í Garðalund eða leikið sér í úrfali leiktækja á vegum félagsmistöðvarinnar.

Nemendur fá námsáætlanir í hverri námsgrein í upphafi hverrar annar. Áætlanirnar eru einnig birtar á [vef skólans](#) og þar eru upplýsingar um þau hæfniviðmið sem stefnt er að í hverri námsgrein, framvindu námsins og tilhögun námsmats. Öðru hvoru yfir skólaárið er stundaskrárbundið starf lagt til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum er varða uppbot og óhefðbundið skólastarf og fjalla deildarstjórar nánar um þetta í skýrsluhluta sínum.

Matsala nemenda

Skólamat ehf. sér um rekstur á matsölu skólans og þar geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu og ýmiss konar smávöru í öðrum hléum. Fjöldi nemenda í áskrift að heitum mat var svipaður á skólaárinu og undanfarin ár.

Þrátt fyrir úrbætur á eldhúsaðstöðunni sem Skólamat ehf. hefur til afnota sumarið 2019 og kaup á nýrri framreiðslulínu sumarið 2020 hefur enn ekki náðst nægileg ánægja með aðstöðu til matarskömmtunar og smásölu til nemenda. Nauðsynlegt er að hlusta betur eftir þörfum nemenda og starfsmanna Skólamatar og gera frekari úrbætur á afgangi til heita matarins og aðstöðu til lausasölu til nemenda.

Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum, taka þátt í stefnumótun fyrir skólann og framkvæmd ýmissa viðburða.

Félagsmálaaval Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann.

Nemendaráðgjafar starfa með námsráðgjöfum að ýmsum velferðarmálum nemenda, t.d. að vinna gegn einelti innan skólans og taka vel á móti nýjum nemendum. Nánar má lesa um starf nemendaráðgjafa í skýrslu náms- og starfsráðgjafa.

Nemendaráð Garðaskóla

Markmið nemendaráðs er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólaárið 2020-2021 var nemendaráð skipað drengjum og stúlkum úr öllum árgöngum. Það starfaði undir stjórn Ástu Huldar Henrysdóttur, deildarstjóra.

Ráðið er stjórnendum til ráðgjafar og kemur skoðunum og óskum nemenda á framfæri við starfsfólk. Tveir meðlimir ráðsins sitja fyrir hönd nemenda í skólaráði Garðaskóla og einnig sitja tveir úr Nemendaráði í ungmennaráði Garðabæjar.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF




Fyrirhugað var að nemendur í 9. bekk þreyttu samræmd könnunarpróf dagana 8.-10. mars í íslensku, stærðfræði og ensku. Fyrsta prófið var íslenska og kom þá í ljós mikil vandkvæði með prófumhverfið og áttu margir nemendur í erfiðleikum með að skrá sig inn í prófið auk þess sem margir duttu ítrekað út úr prófaumverfinu. Í kjölfarið var samræddum könnunarprófum í stærðfræði og ensku frestað þar til lausn fengist í málið. Að ending var sú ákvörðun tekin að nemendur stjórnðu því sjálfir hvort þeir tækju prófin.

Samantekt:

- 162 nemendur þreyttu samræmt próf í íslensku (94,7%)
- 2 nemendur kusu að þreyta prófið aftur á pappír (1,2%)
- 19 nemendur þreyttu samræmt próf í ensku (11,2%)
- 21 nemandi þreytti samræmt próf í stærðfræði (12,3%)

Söku ófullnægjandi aðstæðna við próftöku í íslensku og þess að afskaplega fáir þreyttu samræmd próf í stærðfræði og ensku er samanburður á milli ára sem og samanburður milli skóla eitthvað skekkur.

Hæfnieinkunnahlutfall nemenda í Garðaskóla borið saman við landið



STARFSFÓLK GARÐASKÓLA

Fjöldi starfsmanna var svipaður og á síðasta skólaári. Grunnskólakennarar eru langfjölmennasti starfsmannahópurinn en auk þeirra starfa stjórnendur, þroskaþjálfar, félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn í húsinu.

Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana og samstarfsaðila svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, kennarar tónlistarskólans og þjálfarar frá Stjórnunni. Rúmur þriðjungur starfsmanna eru karlmenn og hefur það kynjahlutfall haldist svipað um nokkurt skeið. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á [vefsíðu skólans](#).



Starfsmenn til í slaginn á útivistardegi vorið 2020

Stjórnendur og nemendavernd

- Skólastjóri: Jóhann Skagfjörð
- Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir og Ásta Huld Henrysdóttir í forföllum.
- Deildarstjórar nemendamála: Ásta Huld Henrysdóttir og Hjördís Guðný Guðmundsdóttir
- Deildarstjóri námsvers: Guðný Þóra Friðriksdóttir
- Skrifstofustjóri: Óskar Björnsson
- Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni: Kristín Þórunn Guðmundsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Margrét Eiríksdóttir
- Skólasálfræðingur: Guðrún Kristófersdóttir

- Aldís Erna Pálsdóttir

Fagstjórar

Fagstjórar gegna mjög mikilvægu hlutverki í stjórnun og framþróun faglegs starfs í skólanum. Mikilvægt er að starf innan fagdeilda sé samræmt og bera fagstjórar ábyrgð á því að þróa starfið áfram.

Veturinn 2020-2021 voru fagstjórar þessir:

- Danska: Erla Karlsdóttir
- Enska: Halla Thorlacius
- Íslenska: Gísli Rúnar Konráðsson
- Íþróttir: Rúnar Páll Sigmundsson
- Náttúrufræði: Bettý Jónsdóttir
- Samfélagsfræði: Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir
- Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Ekki eru fagstjórar í list- og verkgreinum en í staðinn er kennurum í þeim deildum launað svigrúm til að hafa umsjón með innkaupum, sinna tiltekt í stofum og halda utan um tækjabúnað.

Stjórnendur Garðaskóla ítreka enn einu sinni ósk sína um að skólar fái fjárhagslegt svigrúm til að ráða kennara til ábyrgðarverka líkt og áður var skilgreint með „pottinum“ í kjarasamningi grunnskólakennara.

Breytingar í starfsmannahópnum

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum á skólaárinu 2020-2021

Starfsmenn sem hófu störf haustið 2019:

- Andrés Pétur Þorvaldsson, stuðningsfulltrúi
- Aníta Rós Þorsteinsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Ásdís Elín Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Charlotte Alice Theobald, skólaliði í mötuneyti starfsfólks
- Eyrún Birna Jónsdóttir, textílkennari
- Hrönn Axelsdóttir, heimilisfræðikennari
- Kolbeinn Höður Gunnarsson, stuðningsfulltrúi
- Margrét Rut Guðmundsdóttir
- Márcia Andreia Silva Guerreiro

- Orri Þórðarson, íslenskukennari
- Sigrún María Jörundsdóttir, stuðningsfulltrúi

Til viðbótar voru þessir starfsmenn frá störfum um lengri eða skemmri tíma á skólaárinu:

- Eydís Eva Pálsdóttir þroskaþjálfari var í fæðingarorlofi.
- Guðrún Björk Einarsdóttir, var í launuðu námsleyfi
- Hilmar Þór Sigurjónsson samfélagsgreinakennari var í leyfi.
- Ingibjörg Anna Arnarsdóttir aðstoðarskólastjóri var frá vegna veikinda fram í janúar.
- Ingimar Ólafsson Waage var í launalausuleyfi.
- Kristján Hrafn Guðmundsson íslenskukennari var í leyfi
- Kristján Rafn Heiðarsson var í launuðu námsleyfi

Í lok skólaárs lauk eftirfarandi starfsfólk störfum við skólann:

- Andrés Pétur Þorvaldsson, stuðningsfulltrúi
- Aníta Rós Þorsteinsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Ásdís Elín Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Hrönn Axelsdóttir, heimilisfræðikennari
- Kolbeinn Höður Gunnarsson, stuðningsfulltrúi
- Margrét Rut Guðmundsdóttir
- Márcia Andreia Silva Guerreiro
- Sigrún María Jörundsdóttir, stuðningsfulltrúi

Þeim starfsmönnum sem nú hafa kvatt okkur er þakkað frábært samstarf til lengri og styttri tíma.



Starfsfólk Garðaskóla í júní 2019

Nefndir og ráð

Samtal aðila og dreifð ábyrgð á verkefnum eru nauðsynlegir hornsteinar að lýðræðislegum vinnubrögðum í skólanum. Því er lögð áhersla á að starfsmenn, nemendur og forráðamenn hafi aðgang að ákvarðanatöku og framkvæmdaáætlun skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nánari upplýsingar um hverjir sitja í starfandi nefndum má finna á [vefsíðu skólans](#).

Það verklag að hvetja alla starfsmenn skólans að láta til sín taka í að minnsta kosti einu verkefni utan fastra daglegra starfa hefur fest sig í sessi með nefndum starfsmanna. Langflestir starfsmenn skrá sig til verka að hausti án þess að ýta þurfi sérstaklega á eftir þeim. Þetta þýðir að fleiri hafa áhrif á framkvæmd og þróun skólustarfsins og starfsmenn upplifa að til sé farvegur til að koma nýjum hugmyndum í verk. Vinna í nefndum og ráðum var með minnsta móti á liðnu vegna takmarkana sem COVID-19 setti á samstarf milli starfsfólks.

Starfsþróun

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða. Nefndin uppfærði [starfsþróunaráætlun skólans](#) og er hún ávallt aðgengileg á vef skólans.

Starfsþróunaráætlun skólans hefur undanfarin ár verið byggð upp á tveimur megin þáttum:

1. Að allir starfsmenn fái reglulega fræðslu og þjálfun í verkefnum sem varða öryggi í húsinu, velferð unglunga, skólabrag og framþróun kennsluhátta.
2. Að allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.

Stærsta starfsþróunarverkefni skólaársins átti að vera endurinnleiðing á *Uppbyggingu sjálfsaga* en vegna samkomutakmarkana fengum við ekki þau námskeið og fyrirlestra sem stefnt var að. Mun þráðurinn verða tekinn upp á ný í þessu verkefni á næsta skólaári.

Áfram var haldið að senda umsjónarkennara á Verkfærakistu KVAN auk þess sem kennarar sinntu ýmissi annarri starfsþróun í minni hópum.

Starfsþróun síðasta árs einkenndist þó að miklu leyti, eins og margt annað í skólastarfinu, af því að lítið var um námskeið vegna samkomutakmarkana.

Betty Jónsdóttir hélt áfram að vinna að þróunarverkefninu sínu Aquaphonics og að semja nýtt námsefni í efnafræði með tilstyrk frá þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ. Itt þróunarverkefni var í gangi í vetur, en öðrum var frestað,

Greinargerðir um þau þróunarverkefni sem lokið er í Garðaskóla eru birt á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/utgafa/throunarverkefni/>.

Starfsþróunaráætlun næsta skólaárs 2021-2022 er enn í vinnslu og verður birt á vef skólans á haustdögum.

SAMSTARFSAÐILAR Í HÚSINU

Íþróttafélög

Valhópar Stjórnunnar í Garðaskóla voru þrjár. Nú geta unglingar sem stunda fimleka, knattspyrnu og körfubolta hjá Stjórnunni tekið hluta æfinga sem valgrein í Garðaskóla. Samskonar samstarf er við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar.

Tónlistarskólinn í Garðabæ

Tónlistarskólinn rak nokkra starfsemi í húsnæði Garðaskóla og tveir kennarar skólans kenndu nemendum Garðaskóla einkatíma í tónlistarstofu og hljóðveri. Ásgeir Aðalsteinsson kenndi valhópi sem tónlistarskólinn og Garðaskóli hafa skipulagt í sameiningu í nokkur ár. Tónlistarlíf skólans blómstrar nú loksins eftir nokkurra ára lægð. Ástæða er til að þakka Ómari Guðjónssyni, deildarstjóra í Tónlistarskóla Garðabæjar, sérstaklega fyrir stuðning og hvatningu til að efla tónlistarlíf innan Garðaskóla. Því miður féllu skólatónleikar niður annað vorið í röð vegna samkomubanns en þeir eru annars orðnir ómissandi þáttur í starfinu. Tónlistarstofan er áfram í fullri nýtingu og talsvert reynir á þann gamla búnað sem í henni er. Það er því mjög brýnt að nauðsynlegt viðhald á stofunni komist til framkvæmda. Mikilvægt er að bæta hljóðeinangrun stofunnar til að lágmarka áreiti frá hljóðverkunum í nærliggjandi stofum.

FORELDRAFÉLAG GARÐASKÓLA

Starf Foreldrafélags Garðaskóla var öflugt að því leyti sem aðstæður í samfélaginu leyfðu. Vegna Samkomutakmarkana var aðalfundi foreldrafélagsins frestað ítrekað í þeirri von að hægt væri að halda hann í raunheimum. Að endingu fór svo að fundurinn var haldinn þann 14. mars í gegnum fjarfundabúnað. Foreldrafélag Garðaskóla hélt uppi öflugu starfi á skólaárinu og átti mjög gott samstarf við stjórnendur skólans.

Fram til 14. mars var stjórn foreldrafélagsins eftirfarandi:

- Formaður: Kristín Leopoldína Bjarnadóttir (kristin.bjarnadottir@islandsbanki.is)
- Varaformaður: Kristín Friðgeirsdóttir (kristin@london.edu)
- Gjaldkeri: Hermann Baldursson (hermann.baldursson@gmail.com)

Aðrir stjórnarmenn:

- Hanna Kristín Gunnarsdóttir (hannakg@simnet.is)
- Rakei Svansdóttir (rakelsvans@gmail.com)
- Þóra Margrét Baldvinsdóttir
- Fjóla Jónsdóttir

Fulltrúar foreldra í Skólaráði Garðaskóla:

- Guðrún Kristjánsdóttir (guðrun@nav.is)
- Fjóla Jónsdóttir (fjola.jonsdottir66@gmail.com)

Fulltrúar foreldra í Grunnstoð:

- Þyri Ásta (thyrihafsteins@gmail.com)
- Kristmundur Carter (kcarter@internet.is)

Eftir aðalfundinn þann 14. mars tók við ný stjórn sem er þannig skipuð:

- Berglind Ósk Einarsdóttir (berglind.osk.einarsdottir@gmail.com)
- Konráð Olavsson (konrad.olavsson@gmail.com)
- Nanna Ósk Jónsdóttir - Nanna Ósk Jónsdóttir nannaosk@gmail.com
- Anna V. Kristinsdóttir annakristins@gmail.com

Stjórnin hafði ekki skipt með sér verkum í lok skólaárs.

Fulltrúar foreldra í Skólaráði Garðaskóla:

- Anna V. Kristinsdóttir (annakristins@gmail.com)
- Nanna Ósk Jónsdóttir (nannaosk@gmail.com)

Fulltrúar foreldra í Grunnstoð:

- Þyri Ásta Hafsteinsdóttir (thyrihafsteins@gmail.com)
Konráð Olavsson (konrad.olavsson@gmail.com)

Helstu verkefni 2020-2021 voru eftirfarandi:

- Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn rafrænt þann 14. Mars. Jóhann Skagfjörð skólastjóri og John Friðrik Bond forstöðumaður Garðalunds voru með erindi um skólastarf og æskulýðsstarf á tímum COVID. Einnig hélt Elva Dögg frá KVAN erindið "Má minnka kröfurnar?"
- Í lok maí gladdi foreldrafélagið starfsmenn Garðaskóla og Garðalundar með skemmtidagskrá á starfsdegi. Saga Garðarsdóttir kom skemmti hópnum. Voru undirtektir mjög góðar og mikið hlegið.
- Foreldrafélagið bauð 9. bekk í bíó, popp og gos en það hefur myndast hefð hin síðari ár að bjóða 9. bekk í bíó á vordögum.

Auk þessara viðburða sendi stjórn foreldrafélagsins foreldrum nemenda í Garðaskóla tölvupósta rétt fyrir jólafrí og sumarfrí með hvatningu til allra um að standa saman í uppeldi unglínganna, halda vel utan um hópinn og leyfa ekki eftirlitslaus party.

Aðalfundur

Til stóð að halda aðalfund foreldrafélags Garðaskóla í apríl en ákveðið var að fresta honum fram á haustið vegna samgöngutakmarkana vegna COVID-19.

Nánar má lesa um störf foreldrafélagsins á [vef skólans](#).

SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélag um skólahald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði sátu að venju skólastjóri, ritari, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskajálfi verið ráðgjafi um ýmis mál. Vigdís sá áfram um að setja saman efni fyrir kynningar til nemenda og starfsmanna á rýmingaráætlun skólans. Hún sér einnig um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaræfing sem allir nemendur og starfsfólk tóku þátt í var haldin á haustönn og gekk vel. Enn er gerð athugasemd við að ekki hafa verið gerðar nægilegar úrbætur á viðvörunarkerfi hússins, svo ekki heyrst til þess í öllum kennslurýmum. Óvænt viðbótar rýmingaræfing var haldin í janúar í kjölfar þess að nemendur kveiktu ítrekað á áramótasprengjum í húsnaði skólans með þeim afleiðingum að brunaviðvörun fór af stað.

Áfallaráð fylgdist vel með hvort nemendur eða starfsfólk yrði fyrir áföllum. Meira reyndi á þetta meðal starfsmanna þetta skólaárið og eru samúðargjafir frá skólanum sendar viðkomandi við slík tækifæri.

LÆSI Í GARÐASKÓLA

Skýrsla læsisteymis Garðaskóla

Læsisteymi Garðaskóla skipa: Guðný Þóra Friðriksdóttir, Hulda Kristmannsdóttir, Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir, Ragnhildur Thorlacius og Þórunn Grétarsdóttir. Skráðar eru fundargerðir eftir hvern fund teymisins og eru þær aðgengilegar á sameiginlegu drifi kennara.

Skólaárið var að hluta til með samkomutakmörkunum og því var ekki hægt að koma öllum verkefnum í gang sem ætlunin var. Má þar nefna að ekki var hægt að fá rithöfunda til að kynna bækur sínar og ekki hægt að byrja á þróunarverkefninu Hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur.

Í upphafi skólaársins skiluðu nemendur inn blaði á bókasafnið þar sem þeir höfðu skráð sumarlestur sinn. Verðlaun voru veitt þeim duglegustu.

Yndislestur hjá nemendum í Garðaskóla var eins og áður skipulagður þannig að allir fóru í sínar umsjónarstofur og lásu í 20 mínútur dag hvern hjá umsjónarkennara. Ýmislegt var gert til að brjóta upp þessar stundir eins og með hlustun á ýmsa podcast (hlaðvarps) þætti, kennari las kafla úr bók fyrir nemendur t.d. til að vekja athygli þeirra á bókinni eða til ánægju og yndisauka.

Allir nemendur áttu kost á að skrá lesturinn sinn í sérstök hefti til að halda utan um bækur sem lesnar voru og má segja að 8. bekkurinn hafi þar verið langduglegastur við skráninguna.

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir nemendur þrisvar yfir skólaárið í september, janúar og maí og nú sáu flestir umsjónarkennarar um að lestrarþrófa nemendur sína. Það var nokkur umræða um það í

kennarahópnum að með því hafi kennarar betri yfirsýn yfir getu sinna nemenda og eigi auðveldar með að hvetja þá áfram í yndislestrartímum.

Síðla skólaársins var lögð var fyrir óformleg könnun meðal kennara um hvernig yndislestur gengi. Kennarar lýstu margir hverjir að erfitt væri að halda aga í þessum tímum og fá nemendur til að halda sig að lestri, sérstaklega í 9. og 10. bekk. Lestrarstundirnar virtust ganga langbest hjá 8. bekk. Kennarar kölluðu eftir fleiri hugmyndum að uppbroti sem hægt væri að hafa t.d. einu sinni í viku. Í kjölfarið skiptust kennarar á hugmyndum að podcast þáttum sem hægt væri að hlusta á og fleiru. Einnig kom fram að nauðsynlegt væri að taka yndislesturinn til umræðu á umsjónarkennarafundum jafnt og þétt yfir skólaárið.

Læsteymið fundaði með stjórnendum í maí til að ræða framhald á yndislestartímum í skólanum og hvort þessar 100 mínútur á viku væru nýttar nógu vel. Rætt var að þessar stundir væru mikilvægar fyrir bekkjarandann og með þessu skipulagi hittir umsjónarkennari nemendur sína a.m.k. einu sinni á dag, það væri líka ákveðin ró sem færðist yfir skólann þegar allir væru að lesa. Einnig voru viðraðar þær skoðanir kennara að erfitt væri að halda aga í þessum tímum og í framhaldi af því hvort hugsanlega ætti að meta yndislestur eins og hverja aðra námsgrein.

Hugmynd kom fram að e.k. yndislestrarmappa fylgdi hverjum bekk, þar væri námsskrá með markmiðum með yndislestri og hugmyndir að uppbroti í hverjum árgangi, mat kennarans á því hvernig nemandinn nýtti tímann og yfirlit yfir þær bækur sem nemandinn hefði lesið. Þessi skráning gæti verið grunnur að einkunnagjöf umsjónarkennara. Gerð verður tillaga að þessari skráningarmöppu fyrir næsta skólaár.

Bókasafn skólans er að stofna Instagram síðu til að kynna nýjar bækur og reyna þannig að nálgast nemendur á þeim miðli sem þeir nota. Það kom greinilega í ljós í samkomutakmörkum á skólaárinu þar sem ekki var hægt að vera með bókakynningu að það skiptir máli til að viðhalda nýtingu á safninu. Með Instagraminu er markmiðið er að fá nemendur til að segja frá og jafnvel mæla með ákveðnum bókum sem þeir hafa lesið. Lögð verður áhersla á að fá nemendur og foreldra í skólanum til að verða fylgjendur og færa þannig fjölbreyttara úrval bóka nær lesendum.

Eins og getið var hér í upphafi tókst ekki að fara af stað með þróunarverkefni í Garðaskóli Hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur innan skólans skólaárið 2020-2021 en ætlunin er að námskeiðið verði haustið 2021.

Í lok skólaársins voru nemendur í 8. og 9. bekk hvattir til að lesa í sumar og voru tilmæli send heim til foreldra um að styðja börn sín til þess.

Garðaskóla, 16. júní 2021

Hulda Kristmannsdóttir

UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni í 8. bekk er orðin föst í sessi og námsefnið aðlagð að þörfum nemenda og krafna um þekkingu á forritum í öðrum námsgreinum. Verkefni í upplýsingatækni eru unnin þverfaglega með t.d. ensku, samfélagsfræði og textíl, eftir því sem við á.

Hönnunarsmiðjan var ekki nýtt sem skildi vegna aðstæðna. Nýr kennsluráðgjafi sem hóf störf í haust, nýtti tímann til að kynna sér möguleika hönnunarsmiðjunnar og læra á tæki og tól. Markmiðið er að halda áfram öflugu starfi hönnunarsmiðjunnar þar sem áfram verður kennd hönnun fyrir vinylskera, laserskera og þrívíddarprentara, kynnst sýndarveruleika, rafmagnsfræði og margt fleira.

Mikil notkun var á Þristinum við upptöku á mynd- og hljóðefni, þegar skólalok gat haldið starfsemi óskertri vegna Covid. Í Þristinum er grænn veggur ætlaður til bakgrunnsbreytinga. Annar grænn veggur er í almennu rými nemenda á 1. hæð auk þess sem í boði er að fá lánuð græn teppi til að setja upp sem bakgrunn.

Chromebook fartölvur eru mjög vinsælar í kennslu. Þrjár fagdeildir; enska, íslenska og samfélagsfræði, hafa til umráða 30 chromebækur hver og auk þess sem um 70 chromebækur voru til útláns á bókasafninu. Mikil ásókn var í lánsvélarnar af öllum deildum og ljóst er að þörf er á fleiri chrombókum.

Pantaðar voru 30 chromebækur á haustönn en vegna skorts á chromebókum í heiminum, fengum við þær ekki í hendur fyrr en rétt fyrir skólalok á vorönn.

Um haustið var sett af stað miðlæg stýring á forritum fyrir iPad tæki í gegnum Lightspeed kerfi. Tölvudeild Garðabæjar sá um að dreifa forritum á iPada eftir óskum skólans. Einnig kom til krafa um áhættumat á forritum áður en þeim væri dreift á iPada. Þessi miðlæga stýring hefur kallað á nýja hugsun á notkun ipada og magn minnis farinn að skipta meira máli um notkun á tækjunum. Því urðu ákveðin afföll af eldri ipöðum sem eru með litlu minni, en þeir geta þó áfram nýst í einfaldari verkefni.

Garðaskóli, júní 2021

Kristín Þ. Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni

HÚSNÆÐI GARÐASKÓLA

Húsnæði Garðaskóla er vel nýtt af skóla, félagsmiðstöð og frístundaheimili. Auk þess starfar vinnuskóli Garðabæjar í húsinu á sumrin og félagasamtökum verið boðin aðstaða til námskeiðahalds og gistingar.

Ýmsir hlutar hússins eru komnir til ára sinna og mikil þörf er á viðhaldi. Lesa má um slíkar þarfir í mörgum köflum þessarar skýrslu. Sumarið 2020 var kaffistofa starfsmanna, fatahengi og salernisaðstaða endurnýjuð

og er það langþráð úrbót. Mjög mikilvægt er að áætlun um viðhald og endurnýjun á húsnæði Garðaskóla verði gerð til nokkurra ára. Ítrekað hafa framkvæmdir farið of seint af stað og starfsfólk verið í mikilli óvissu vegna þess að ekki hafa fengist skýr skilaboð frá fjárveitingarvaldi og Eignasviði um hvað sé hægt að framkvæma.

INNRA OG YTRA MAT

Unnið var samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats frá Menntamálastofnun (MMS). Áætlunin var birt vorið 2019 og uppfærð að beiðni MMS um mitt vor 2020 og aftur í febrúar 2021.

Skýrslur um niðurstöður innra og ytra mats í Garðaskóla eru birtar á [vef skólans](#). Skólapúlskannanir voru lagðar fyrir nemendur í október og apríl, starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars.

ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Í seinni hluta ársskýrslu Garðaskóla má lesa skýrslur fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála

Skólaárið 2020-2021 voru einn-tveir deildarstjórar á sviði nemendamála við Garðaskóla; Ásta Huld Henrysdóttir og Hjördís Guðný Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar halda utan um dagskrá skólastarfs og upplýsingaflæði, eru tengiliðir allra aðila innan skólans og verkstýra umsjónarkennurum. Eins halda þeir utan um viðveru, námsframvindu og líðan nemenda og eru í samstarfi við forráðamenn og annað fagfólk varðandi þau mál ef þurfa þykir. Deildarstjórar koma að skipulagi samráðsfunda og sjá um skipulag og verkefnastjórn á uppbrotsdögum. Þeir sjá um skipulag prófa og eru tengiliðir við Tungumálaver og Tækniskólann.

Störf deildarstjóra eru margþætt. Þeir vinna með og aðstoða nemendur í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra námsvers og skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans.

- ✓ Þeir taka á móti nýjum nemendum og forráðamönnum þeirra, kynna skólann og starfsemi hans og tryggja það að nýir nemendur raðist í rétta hópa og fái aukaaðstoð í einstaka fögum ef þörf er á.
- ✓ Þeir aðstoða nemendur við töflubreytingar svo þeir séu í námi við áhuga og hæfi.
- ✓ Þeir fylgjast með viðveru nemenda og grípa inn í, eftir ákveðnum verkferlum, ef hnökror eru á henni.

- ✓ Þeir sitja í teymi með námsráðgjöfum ef upp koma eineltis- eða neikvæð samskiptamál. Einnig ef finna þarf aðrar skólalausnir vegna heilsufars nemenda.
- ✓ Þeir sitja í nemendaverndarráði og vinna ásamt fagaðilum að lausn allra mála sem að nemendum snúa.
- ✓ Þeir eru í reglulegum samskiptum við forráðamenn þeirra barna sem ná ekki að fóta sig að fullu í starfi Garðaskóla og eins þeirra sem lenda í samskiptavanda.
- ✓ Þeir skipuleggja allt uppbrotsstarf í skólanum bæði hvað varðar tímaskipulag nemenda og starfsmanna í samstarfi félagsmiðstöðina Garðalund og skólastjórnendur.
- ✓ Þeir eru í nánú samstarfi við umsjónarkennara og aðra kennara skólans. Hitta umsjónarkennara á reglulegum fundum til þess að skipuleggja starfið framundan og tryggja að allar upplýsingar berist nemendum og forráðamönnum.
- ✓ Þeir undirbúa skólasetningu og skólaslit, skipuleggja þema- og uppbrotsdaga hvort heldur sem er vegna annaruppbrotta, forvarnarskrá, kannana eða annarra tilfallandi viðburða.

Viðvera nemenda

Skólaárið 2020-2021 var þriðja árið sem unnið var eftir núverandi skólasóknarkerfi. Kerfið er byggt upp á tveimur viðmiðum, fjölda fjarvistarstiga annars vegar og raunmætingu hins vegar. Fjarvistarstig voru gefin fyrir eftirfarandi:

Tegund fjarveru	Telur til lækkunar á raunmætingu	Fjarvistarstig til lækkunar á skólasóknareinkunn
Seint	0,33 tími	0,33 stig
Ólögmat fjarvera	1 tími	1 stig
Vísað úr kennslustund	1 tími	1 stig

Mætingareinkunn nemenda grundvallaðist af fjölda fjarvistarstiga og var eftirfarandi:

Fjöldi fjarvistastiga	Skólasóknareinkunn að vori
0-2 fjarvistarstig	A
2,1-10 fjarvistastig	B
10,1-14 fjarvistastig	C
>14,1 fjarvistastig	D

Markmiðið með því að aðgreina fjarvistarstig og raunmætingu er að geta kallað fram upplýsingar um hve mikið nemandi er raunverulega viðstaddur í kennslustundum þegar tekið er tillit til leyfa, veikinda, vottorða og annarra þátta sem ekki hafa áhrif á skólasóknareinkunn. Þó svo að það séu fjarvistarstigin sem ákvarði mætingareinkunn nemenda er ekki síður mikilvægt að fylgjast vel með raunmætingu nemenda. Þannig getur nemandi verið með 0 fjarvistarstig en aðeins 60% raunmætingu vegna fjölda leyfis- og/eða veikindadaga. Í þannig vilvikum er einnig nauðsynlegt að bregðast við. Í upphafi árs voru kynntar samræmdir verkferlar Garðabæjar um ófullnægjandi skólasókn og var unnið eftir þeim ferlum þetta skólaárið. Ferlarnir eru skýrir


og gera ráð fyrir viðbrögðum við fjarveru nemenda vegna óútskýrðra fjarvista, veikinda eða leyfa. Allt sem hefur áhrif á raunmætingu nemenda.


Ferillinn sem unnið er eftir lítur svo út:

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði	20 dagar eða fleiri Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Vikulega var fjarvistaryfirlit allra nemenda sent til foreldra frá skrifstofu skólans. Hálfsmánaðarlega tók deildarstjóri út viðveruna og fór yfir stöðu einstaka nemenda og tekin ákvörðun um næstu skref. Máli nemenda sem ekki sýndu framfarir var að lokum vísað til nemendaverndarráðs. Ef engin úrræði skólans dugðu var ástundun og/eða aðstæður nemenda tilkynntar til barnaverndaryfirvalda.

Við lok skólaárs dreifðust skólasóknareinkunnir eins og hér er sýnt:






Nemendum var boðið að gera skólasóknarsamning við deildarstjóra þar sem þeim var gert kleift að bæta skólasóknareinkunn sína um eina einkunn með því að bæta ekki við sig fleiri fjarvistarstigum út önnina. Enginn formlegur samningur var gerður í ár en möguleiki á slíkum var ræddur á fundum með foreldrum þriggja nemenda. Ekki tókst að snúa ástundun þeirra nemenda við né heldur létta af fjarvistarstigum vegna þessa. Á vitnisburðarblöðum var birt skólasóknareinkunn, en raunviðvera var einnig birt þannig að þótt nemendum tækist að bæta einkunn týndust ekki upplýsingar um raunverulega viðveru þeirra.

Alls voru 106 nemendur með 0 fjarvistarstig allt skólaárið, sem er mikil fjölgun frá síðasta skólaári þegar 80 nemendur náðu þeim áfanga. Tveir nemendur náðu 100% raunmætingu en enginn náði því árið áður. Meðaltal raunmætingar í skólanum var 91,1% en var 89,9% árið áður og meðalfjöldi fjarvistarstiga var 11,5 stiga samanborið við 15,2 árið áður.

Þróun raunmætingar eftir árgöngum er sem hér segir:



Mun minna álag var á skrifstofu og deildarstjórum við að leiðrétta rangar skráningar í lok skólaárs miðað við árið áður. Ljóst er að sú áhersla sem lögð var á hendur umsjónarkennara, nemenda og foreldra að fylgjast með skólasókn og að gera athugasemdir innan innan tveggja vikna tímaramma báru árangur.

Í upphafi árs var farið yfir verklag um viðverumál með umsjónarkennurum auk þess sem það var rifjað upp reglulega yfir árið.

Viðburðir og uppbrot í skólstarfi

Að vanda var skólaárið fjölbreytt og reynt að bjóða nemendum upp á reglulega viðburði og uppbrot á hefðbundinni stundaskrá. Eitt af verkefnum deildarstjóra nemendamála var að halda utan um skipulag skólstarfs í kringum þessa viðburði og uppbrotsdaga í skólanum. Margir starfsmenn unnu að undirbúningi verkefna en endanlegt skipulag og verkstjórn starfsmanna var á höndum deildarstjóra. Skipulag Gagn og gamans var í höndum Ragnheiðar Stephensen.

Dags.	Viðburður / uppbrot
5. september	Námskynningar í Gryfju.
8. október	Samráðsfundir heimila og skóla.
9.-16. október	Forvarnarvika Garðabæjar.
6.-8. nóvember	Gagn og gaman dagar.
	Afmæli Garðaskóla.
6. desember	Jólamatur 10. bekkja.
13. desember	Starfamessa.
19. desember	Læsisdagur í Garðaskóla. Smíðjur og gestafyrirlesarar (Gunnar Helgason í 8. bekk og Þorgrímur Þráinsson í 10. bekk).
20. desember	Jólaskemmtanir
23. og 30. janúar	Jón Jónsson með forvarnarfræðslu í 8. bekkjum
28. janúar	Samráðsfundir heimila og skóla
30. janúar	Valgreinar kynntar í umsjón fyrir nemendum í 8. og 9. bekk
4. febrúar	Blátt áfram í 8. bekk
6. febrúar	Valgreinakynningar fyrir nemendur og forráðamenn.
13. febrúar	Könnunin <i>Ungt fólk</i> lögð fyrir í umsjón.
10. – 12. mars	Samræmd könnunarpróf í 9. bekk.
11. mars	Útivistardagur 8. bekkja í Bláfjöllum.
3. júní	Fjölgreindaleikar í 8. bekk.
3. – 5. júní	Vorferð 10. bekkja.
4. júní	Fjölgreindaleikar í 10. bekk.

8. júní	Heilsudagur Garðaskóla.
8. júní	Árshátíð Garðaskóla.
9. júní	Skólaslit.

Upplýsingaflæði milli stjórnenda og kennara vegna þessara viðburða gekk í langflestum tilfellum vel og skipulagið hélst að mestu. Eftir sem áður þarf að brýna fyrir kennurum að lesa betur pósta og fylgjast með skipulagi á uppbrotsdögum.

COVID-19

Á tímum skerts skólahalds reyndi mjög á deildarstjóra skólans við að útfæra skipulag á kennslu og halda sambandi við starfsfólk. Ekki er annað hægt að segja en að þetta skipulag hafi lukkast vel.

Fella þurfti niður fjölmarga fasta liði í skólastarfinu sem afleiðingu af skertu skólahaldi og takmarkana í samfélaginu. Þessir viðburðir voru GERT starfsfræðsla, skíðaferð Garðalundar á Akureyri, Stelpur og tækni, starfakynningar í 8. og 9. bekk, vorverkefni 10. Bekkja, skólatónleikar og vorferðir í 8. og 9. bekk.

Skýrsla deildarstjóra námsvers

Starfsfólk deildarinnar var eftirfarandi:

- Andrés Pétur Þorvaldsson stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur í öllum árgöngum).
- Aníta Rós Þorsteinsdóttir stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur í öllum árgöngum).
- Ásdís Elín Jónsdóttir stuðningsfulltrúi (stuðningur við nemanda í 10. bekk og nemendur í 8. bekkjum).
- Berglind Rún Gunnarsdóttir stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur í öllum árgöngum).
- Elena Einisdóttir kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði).
- Elías Sólmundarson kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði).
- Einar Andri Einarsson kennari (sérkennsla í 9. og 10. bekk).
- Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.
- Hjördís Eva Ólafsdóttir kennari (sérkennsla í 9. bekk, stuðningskennsla í 8. bekk íslensku ogfl.)
- Hjördís Guðný Guðmundsdóttir deildarstjóri (kennsla í námsveri).
- Hugl Snær Hlynsson stuðningsfulltrúi eftir áramót (almennur stuðningur við nemendur í öllum árgöngum).
- Hulda Kristmannsdóttir kennari (kennsla í hægferð í íslensku).

- Kolbeinn Höður Gunnarsson stuðningsfulltrúi fyrir áramót (almennur stuðningur við nemendur í öllum árgöngum).
- Kristinn Sigurbergsson kennari (stærðfræði í námsveri og kennsla í hægferð í stærðfræði).
- Kristín Sigurleifsdóttir kennari (íslenska sem annað mál/stuðningur við tvítyngda).
- Margrét Rut Guðmundsdóttir yfirproskapjálfi (skipulag, stuðningur og umsjón með námi nemanda í 8.bekk, félagsfærniþjálfun ogfl.).
- Ragnheiður Stephensen kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði).
- Rúna Björk Þorsteinsdóttir kennari (námsver í íslensku).
- Sigrún María Jörundsdóttir stuðningsfulltrúi (stuðningur við nemanda í 10. bekk og nemendur í 8. bekkjum).
- Sigurbjörg Hjartardóttir kennari (sérkennsla í íslensku, stuðningur inn í bekki í samfélagsfræði).
- Svandís Ríkharðsdóttir kennari (sérkennsla í íþróttum og sundi).
- Vigdís Björk Agnarsdóttir yfirproskapjálfi (skipulag, stuðningur og umsjón með námi og kennslu nemenda í 10.bekk, stuðningur við einstaka nemendur, félagsfærniþjálfun).
- Vigdís Sigurlínudóttir skólafélagsráðgjafi (umsjón með Húsinu).

Vinnuaðstaða: Námsverið hefur til afnota þrjú rými á 2. hæð í norðurenda aðalbyggingar skólans (merkt 206 og 207 og skrifstofa deildarstjóra stoðþjónustu). Einnig hefur starfsemin til afnota tvö lítil rými í viðbyggingu (merkt 300 og 310) og rými á 2. hæð suðurenda aðalbyggingar (merkt 200). Reynt er eftir megni að veita þjónustu inn í námshópana í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum. Laus kennslustofa á lóð skólans hefur verið nýtt fyrir sérkennsluna. Kennslustofan gengur undir nafninu „Húsið“ en þar fer fram starfsemi sem fellur undir stoðþjónustu (sjá kafla um Húsið).

Aðstöðuleysi háir starfsemi stoðþjónustunnar. Skortur er á litlum rýmum til að hægt sé að taka einstaka nemendur og litla hópa út úr almennum kennslustundum í því skyni að veita einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Stuðningsfulltrúar: Sex stuðningsfulltrúar störfuðu við skólann í vetur í tæpum 5 stöðugildum. Vegna almenns atvinnuleysis í þjónfélaginu var auðvelt að fá hæfa og vel menntaða stuðningsfulltrúa til starfa. Stuðningurinn nýttist nemendum í öllum árgöngum. Stuðningsfulltrúarnir veita stuðning bæði inn í bóklegar og verklegar greinar.

Þroskajálfar: Tveir yfirþroskajálfar annar í 100 % stöðu og hinn í 60% stöðu voru starfandi við skólann í vetur. Þroskajálfar sinna stuðningi við nemendur og hópa inn í bekkjum og eru í samstarfi við kennara varðandi aðlögun og útfærslu verkefna fyrir nemendur sem þess þurfa. Einnig hafa þeir leiðbeint stuðningsfulltrúum í þeirra verkefnum. Þroskajálfar útbúa og útfæra einstaklingsnámskrár fyrir fatlaða nemendur og eru tengiliðir við fjölskyldur þeirra. Þeir sinna þjálfun og kennslu fatlaðra nemenda og finna

leiðir til þess að nemendur geti sótt kennslustundir inn í ferðakerfið. Einnig sinna þeir atferlis- og félagsfærniþjálfun bæði inn í hópa og á einstaklingsgrundvelli.

Samstarf /samráð: Í upphafi skólaárs hélt deildarstjóri samráðsfundi með foreldrum fjölmargra nemenda í þeim tilgangi að sérsníða stundartöflur þeirra. Oft var einhver annar fagaðili frá skólanum með á þessum fundum s.s. námsráðgjafi, umsjónarkennari eða deildarstjóri nemendamála. Misjafnt var hvort nemendur sátu fundina og er það yfirleitt sett í hendur foreldra. Fundir sem þessir hafa reynst afar vel og skilað sátt og sameiginlegum skilningi á þörfum þess nemanda sem um ræðir. Það er afar mikilvægt að stundatafla nemenda sem þurfa einstaklingsmiðun sé tilbúin og þurfi ekki mikilla breytinga við eftir að skóli hefst, það skapar festu og öryggi fyrir þá.

Í upphafi skólaárs voru upplýsingafundir haldnir með umsjónarkennurum 8. bekkja sem voru að taka við nýnemum. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir innanhúss vegna nemenda með sérþarfir ef þess þurfti. Kennarar fengu nýjar upplýsingar og vinnubrögð voru samræmd í því skyni að ná betri árangri. Þeir kennarar sem koma að þessum nemendum voru boðaðir á fundina. Reglulegir fundir voru með stuðningsfulltrúum og þroskaþjálfum.

Fundir vegna lestrargreininga eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi og situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga. Deildarstjóri stoðþjónustu situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og framhaldsskólanna ef þess er óskað. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur.

Deildarstjóri heldur utan um starf Nemendaverndarráðs Garðaskóla og situr vikulega fundi ráðsins.

Teymisvinna. Teymi eru sett saman vegna nemenda með fatlanir eða aðrar raskanir sem þurfa sérhæfða og samhæfða þjónustu. Mörg slík teymi voru starfrækt í vetur. Misjafnt er hvaða starfsmenn vinna í teyminu það fer eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Foreldri/foreldrar sitja allaf í teymi barnsins síns og oft aðilar frá skólaskrifstofu, félagsþjónustu eða heilsugæslu. Hlutverk teymisins er að finna leiðir fyrir nemandann til að eflast og þroskast og takast á við verkefni skóladagsins.

Atvinnutengt nám: Sex nemendur stunduðu atvinnutengt nám á skólaárinu 2020-2021, um lengri eða skemmri tíma, allt frá 2 stundum á viku til 8 stunda á viku. Í staðinn veitir skólinn nemendum afslátt af valgreinum eða þeir fá undanþágu í einhverri námsgrein. Vinnuskóli Garðabæjar hefur greitt nemendum laun samkvæmt kjarasamningum. Samstarf skólans við vinnuskólann hefur gengið vel og sameiginlegur skilningur á þörfum nemendanna hefur verið til staðar. Nemendur sem veljast í atvinnutengt nám upplifa oft skólaleiða, sýna litla virkni í námi og ástundun er oft ábótavant. Reynt hefur verið að leita fanga á vinnustöðum sem tengjast áhugasviði nemenda. Tilgangurinn með atvinnutengdu námi er m.a. sú að ná upp virkni hjá nemendum, bæta líðan og styrkja sjálfsmynd þeirra. Í mörgum tilfellum gengur atvinnutengda námið vel en í tveimur tilfellum af sex luku nemendur ekki við samning sinn.

Húsið: er úrræði sem starfrækt er í lausri kennslustofu á lóð skólans. Úrræðinu er ætlað að mæta nemendum sem af einhverjum ástæðum sýna einkenni um skólaforðun og vanvirkni. Í Húsinu er leitast við finna leiðir til

að virkja nemendur til vinnu, finna þeim viðfangsefni við hæfi og vekja áhuga. Úrræðinu er ætlað á að vera sveiganlegt og opið og þjónustan sniðin að hverjum og einum nemanda um lengri eða skemmri tíma. Nemendur sækja þó almennar kennslustundir inn í skólann. Vigdís Sigurlínudóttir skólafélagsráðgjafi hefur stýrt Húsinu en hún hefur verið í veikindaleyfi frá því í apríl.

Meðal hlutverka skólafélagsráðgjafa eru:

að veita nemendum stuðning og aðstoð vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta sem hindra að nemandi njóti sín í námi og í félagslegum samskiptum.

að veita kennurum ráðgjöf og stuðning vegna nemendamála sem lúta að líðan, hegðun eða heimilisaðstæðum nemenda.

að veita foreldrum/forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta sem snúa að börnum þeirra og geta hindrað að barn geti notið sín í námi og í félagslegum samskiptum.

Sérúrræði í Húsinu: Frá 20/1 til 6/4 2021 var starfrækt sérúrræði í Húsinu fyrir fjóra nemendur. Tilgangurinn með úrræðinu var að ná upp virkni hjá nemendum, bæta mætingu þeirra og hegðun og efla þá félagslega og námlega. Kennarar fóru út í Hús og kenndu nemendum í stuttum lotum. Stundatöflum nemenda var breytt og námeðnið var einstaklingsmiðað að námsþörfum hvers og eins. Vigdís Sigurlínudóttir skólafélagsráðgjafi hélt utan um verkefnið og sat m.a. allar kennslustundir með kennurum auk þess að halda utan um samskipti við foreldra og aðra starfsmenn sem komu að úrræðinu.

Nemendur mættu um klukkan 08:30 og fengu sér morgumat saman. Þá tóku við kennslustundir fram yfir hádegi með reglulegu uppbroti. Eftir hádegi fengu nemendur tómstundatíloð til klukkan 15:00 annars vegar frá Þorvaldi Daníelssyni í Hjólakrafti sem kom og sótti þá 2x viku og hins vegar frá félagsmiðstöðinni Garðalundi.

Sérstök námsúrræði: Á skólaárinu 2020-2021 var starfrækt sérstakt námsúrræði fyrir nemanda í 10. bekk sem þurfti mjög sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu. Vigdís Björk Þroskaþjálfari hafði umsjón þessu úrræði og sá um samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila. Viðvera í skólanum var frá 08:10 -12:50 og fékk nemandinn ýmist sérkennslu eða sótti með stuðningi almennar valgreinar út í hópa. Kennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar komu að þessari vinnu. Á covid tímabilinu hélt nemandinn sinni þjónustu án skerðingar.

Á skólaárinu var tvisvar brugðið á það ráð að kenna einum nemanda í séraðstæðum í ákveðinn tíma. Annars vegar var þetta nemandi í 8. bekk og hins vegar nemandi í 9. bekk. Í báðum tilfellum réðu nemendur ekki við aðstæður í hópunum sínum og þurftu sérhæfðari nálgun og meira aðhald. Að ákveðnum tíma loknum fór nemandinn aftur í fyrra skipulag.

Sérkennsla/ stuðningur á Covid 19 tímabilinu: Á skólaárinu 2020- 2021 var skólalald með breyttu sniði samfellt í sjö vikur vegna Covid 19 heimsfaraldursins þ.e. frá byrjun nóvember fram að jólafríi. Meðan á þessu stóð voru starfræktir tveir námshópar í námsverinu. Um var að ræða nemendur sem eiga erfitt með að vinna sjálfstætt og þurfa mikinn námslegan stuðning og aðhald. Vinnan gekk vel og nemendur mættu betur en þegar skólalald er með venjulegum hætti. Svo virðist sem skertur skóladagur, gott skipulag og afmörkuð verkefni henti ákveðum hópi nemenda vel.

Annar hópurinn samanstóð af fjórum nemendum úr 9. bekk og fengu þeir þjónustu frá klukkan kl. 9:30-12:00. Ásamt því að sinna helstu bóklegum greinum (stæ – ísl – ens – nátt – sam) þá fékk námsvershópurinn aðgang að list-og verkgreinastofum 2x-3x á viku (heimilisfræði, smíði, myndmennt og tónlist), 1 klst. í senn, og 30 mín útiveru (göngutúr) á dag. Þetta fyrirkomulag hentaði einstaklingunum í hópnum sérlega vel. Hjördís Eva Ólafsdóttir sérkennari og Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari sáu um kennslu og höfðu umsjón með hópnum.

Í hinum hópnum voru sex nemendur úr 8. bekkjum. Þeir fengu aðstoð í grunngreinum íslensku, stærðfræði og ensku og fengu einnig tíma í verklegum greinum. Kennt var frá kl. 8:30 til kl. 11:00. Mikil samskipti voru við faggreinakennara og fylgdi hópurinn sínum árgangi varðandi próf og kannanir á þessu tímabili.

Sigurbjörg Hjartardóttir sérkennari, Margrét Rut Guðmundsdóttir þroskaþjálfari og Aníta Þorsteinsdóttir stuðningsfulltrúi sáu um kennslu og höfðu umsjón með hópnum.

Nemendaverndarráð skólans skilgreindi einnig hóp af nemendum sem áttu sögu um slaka mætingu, skólaforðun og/eða kvíða. Námsráðgjafar, þroskaþjálfari og skólafélagsráðgjafi voru í miklum samskiptum við þessa nemendur og forráðamenn þeirra sem skilaði sér í nokkuð góðri skólasókn á Covid tímabilinu.

Íslenska sem annað mál. Skólaárið 2020-2021 voru skipulagðar 8 x 55 mínútna kennslustundir á viku fyrir nýbúa, tvítýngda nemendur og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis. Alls þáðu 29 nemendur þessa þjónustu sumir einn tíma á viku en aðrir fleiri. Allir þeir nemendur sem um ræðir sóttu íslenskukennslu í almennum hópum og fengu tímana í námsverinu að auki.

Félagsfærniþjálfun: Þær Margrét Rut Guðmundsdóttir og Vigdís Björk Agnarsdóttir yfirþroskaþjálfar þjálfar félagsfærni. Félagsfærni skiptir miklu máli í daglegu lífi og ef nemandi hefur ekki náð að mynda eðlileg félagstengsl í hópi jafnaldra þarf að grípa inn í. Félagsfærniþjálfun þarf að gefa góðan tíma og mikilvægt er að byggja upp traust á milli nemanda og þroskaþjálfara. Nemandinn þarf að eiga fasta tíma yfir ákveðið tímabil, sumir þurfa lengri tíma en aðrir. Grunnatriði er að einstaklingsmiða þjálfunina og setja raunhæf markmið fyrir hvern og einn. Félagfærni fer einnig fram í almennum kennslustundum. Í þeim aðstæðum er teymisvinna á milli þroskaþjálfara, kennara, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa mikilvæg.

Skólaárið 2020-2021 þáðu 23 nemendur skipulagða félagsfærniþjálfun til lengri eða skemmri tíma, flestir allan veturinn.

Námsráðgjöf: Deildarstjóri námsvers vinnur náið með námsráðgjöfum skólans. Jóhanna Margrét Eiríksdóttir og Ásta Gunnarsdóttir eru námsráðgjafar við skólann báðar í 100% stöðu. Allmargir nemendur hafa verið í

föstum viðtölum hjá námsráðgjafa og aðrir fengið vikulega þjónustu og aðstoð við að halda utan um námsgögn og skipulag. Námsráðgjafar eru mjög oft kallaðir að einstaklingsmálum nemenda og eru mikilvægur hlekkur í stuðningsneti skólans.

Sálfræðiathuganir: Sálfræðingur skólans er Guðrún Kristófersdóttir og vinnur hún greiningar á vitsmunaprofka, ADHD, félagslegri stöðu og líðan. Beiðni um greiningar koma yfirleitt frá foreldrum. Einnig benda kennarar og/eða aðrir sérfræðingar skólans á ef grunur leikur á um þroskafrávik hjá nemanda og að höfðu samráði við foreldra fer viðkomandi inn á biðlista. Guðrún Kristófersdóttir lauk nítján athugunum í vetur, fjórar athuganir eru í vinnslu og verða unnar í sumar. Öllum athugunum er skilað með formlegum fundum. Á skilafundum sitja, auk Guðrúnar, foreldrar, nemandi, deildarstjóri stoðþjónustu og stundum námsráðgjafi. Fjórtán nemendur eru á biðlista eftir sálfræðiathugun.

Logos lestrarskimanir: Guðný Þóra Friðriksdóttir sérkennari/ deildarstjóri stoðþjónustu lagði Logos lestrarskimun fyrir 23 nemendur skólaárið 2020-2021. Langflestir þeirra voru í 9. bekk. Þeir sem voru með formlega greiningu á lestrarvanda voru ekki teknir í skimun. Ákveðið var að skima ekki allan árganginn heldur aðeins þá nemendur sem mældust undir lágmarksviðmiðum Menntamálastofnunar. Lágmarksviðmið fyrir nemendur í 9. bekk eru 140 lesin orð á mínútu. Allir nemendur árgangsins taka Logos stafsetningarpróf sem gefur ákveðnar vísbendingar um undirliggjandi lestrarvanda. Þetta stafsetningarpróf er skoðað í samhengi við lesferil nemenda. Slakur leshraði og stafsetningarvandi er næg ástæða til skimunar. Ef niðurstaða úr Logos lestrarskimun gefur til kynna undirliggjandi lestrarvanda hjá nemanda þá er forráðamönnum hans boðinn Logos lestrargreining.

Logos lestrargreiningar: Lagðar voru fyrir alls 27 Logos lestrargreiningar á skólaárinu allt frumgreiningar en þá hafa nemendur aldrei farið áður í lestrargreiningu. Enginn nemandi var á biðlista eftir lestrargreiningu í lok skólaársins 2020-2021.

Þónusta við lesblinda: Allir nemendur í Garðaskóla sem hafa formlega greiningu á lestrarerfiðleikum hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands. Nemendur geta niðurbætt efni á hljóðrænu formi beint af vef safnsins. Allar skáldsögur sem lesnar eru í skólanum eru aðgengilegar hjá Hljóðbókasafninu. Á vef Menntamálastofnunar eru allar námsbækur sem gefnar eru út hjá stofnuninni aðgengilegar sem hljóðbækur og/eða rafbækur.

Nemendur með lesblindu eiga rétt á lengri tíma til að taka próf. Þeir fá mp3 spilara á borðið sitt í prófaðstæðum og geta hlustað á prófið í stað þess að þurfa að reiða sig á lestur.

Námsver: Í námsveri fá nemendur aðstoð og stuðning við námsefni sem verið er að kenna út í hópunum. Töluvert margir nemendur nýta sér námsverið og eru námsverstímar oftast viðbót við hefðbundna stundartöflu. Sumir þáðu bæði aðstoð í stærðfræði og íslensku og aðrir fengu fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni. Í vetur hafa verið í boði tímar í íslensku og stærðfræði. Nokkrir nemendur hafa fengið aðstoð við heimanám og skipulag. Reynslan sýnir að mun fleiri nemendur sækjast eftir aðstoð í stærðfræði en í nokkurri annarri grein. Námsverstímar geta verið mislangir frá 40 mínútum og upp í 55 mínútur.

Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarferðleika eða lestrartengdra erfiðleika. Nemendur sem eru með greiningu eiga rétt á lengri próftíma og rólegum prófaðstæðum. Í prófum eiga allir lesblindir nemendur kost á því að nota mp3 spilara sem búið er að hlaða prófgögnum inn á. Með þessari tækni hafa nemendur tækifæri til að sér nýta hlustun sem stuðning við ritmál. Stöðugt fleiri nemendur nýta sér þessa þjónustu. Í lokaprófum taka ofangreindir nemendur próf í stofum en ekki á sal.


Námskrár og námsmat: Margir nemendur sem fá þjónustu í námsverinu eru ekki á einstaklingsnámskrá heldur fá þeir stuðning við að ná almennum hæfniviðmiðunum. Nemendur sem geta ekki fylgt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn eru með einstaklingsnámskrá. Lögð er áhersla á að einstaklingsnámskrár séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfellu í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Umsjónarkennarar taka saman einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur og deildarstjóri heldur þeim til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær. Ef nemendur eru með miklar sérþarfir þarf stöðugt að endurmeta einstaklingsnámskrár þeirra og breyta þeim hæfniviðmiðum sett voru fram. Námsframvinda þeirra ræðst af dagsforminu og stundum koma dagar þar sem vinnan fylgir engum áætlunum. Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara, þroskaþjálfara eða sérkennara.

Nemendur geta fengið undanþágu frá skyldunámssgrein af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólastjóri verða að samþykka slíka undanþágu og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli því þetta úrræði getur skert möguleika nemenda þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur hafa nemendur á vegum sérkennslunnar aðallega fengið undanþágu frá námi í náttúrufræði/samfélagsfræði eða dönsku.

Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk: stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi fagtíma. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari/þroskaþjálfari/stuðningsfulltrúi inn í bekkinn en í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Nemendum í 8. bekk í stærðfræði var skipt niður í hópa eftir námsþörfum með skipulegum hætti líkt og í 9. og 10. bekk.


Skólaárið 2020-2021 voru 32 nemendur af 200 nemendum árgangsins, 14 drengir og 18 stúlkur, með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, flestir aðeins í einni grein (stærðfræði og/eða íslensku).

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2020-2021 þáðu 49 nemendur í 8. bekkjum stuðning eða sérkennslu af einhverju tagi þ.e. 27 drengir og 22 stúlkur. Þetta er um 24,5% af nemendum árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í íslensku og stærðfræði.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 8. bekkjum skólaárið 2020-2021.




Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk: Nemendum í 9. bekkjum er skipt upp í hópa eftir námsþörfum. Nemendur sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu, og ná ekki að vinna samkvæmt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn, raðast í hægferðir í kjarnagreinum. Árgangurinn einkenndist af töluvert stórum hópi nemenda, með fjölbættar námsþarfir, sem þurftu stuðning og öðruvísi nálgun í kennsluháttum. Í hægferð í stærðfræði kenndu fjórir kennarar stórum hópi nemenda sem þurfti mikla einstaklingsmiðun.

Nemendum var oftast skipt upp í þrjá hópa en stundum voru hóparnir fleiri og smærri. Ýmsar forsendur lágu til grundvallar hópaskiptingu og stundum voru nemendur færðir á milli hópa í því skyni að skapa þeim eins góð skilyrði til náms og mögulegt var.

Þrjú kennarar sáu um kennslu í hægferð í íslensku og tveir kennarar og þroskaþjálfari sinntu nemendum í hægferð í ensku. Engin hægferð var í dönsku í 9. bekk. Í dönsku var ákveðið að minnka alla miðferðarhópa (hámark 15 nemendur í hópi) og mæta þannig einstaklingsþörfum nemenda.

Skólaárið 2020-2021 voru 34 nemendur, af 171 nemendum sem voru í árganginum, í 9. bekk með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat í einni eða fleiri greinum þar af 20 strákar og 14 stelpur.


Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2020-2021 þáðu 52 nemendur í 9. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 28 drengir og 24 stúlkur. Þetta eru 30% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði, íslensku og íslensku2.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 9. bekk skólaárið 2020-2021.

Yfirlit yfir stuðning/sérkennslu í 9. bekkjum skólaárið 2020-2021




- Drengir í 9. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Stúlkur í 9. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Nemendur í 9. bekk án stuðnings og sérkennslu

Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk: Þróunin varðandi hægferðir í 10. bekk hefur verið í þá átt að sem flestum nemendum standi til boða að reyna sig við almennt grunnskólapróf í dönsku, íslensku, stærðfræði og ensku. Nemendur sem hafa verið í hægferðum í 8. og 9. bekk hafa oft nýtt tímann vel og aukið við færni sína og eru betur í stakk búnir til að takast á við almenn námsmarkið í 10. bekk. Eðli málsins samkvæmt eru því færri nemendur með einstaklingsnámskrá í 10. bekk en voru í 9. bekk. Skólaárið 2020-2021 voru engar hægferðir í ensku og íslensku heldur voru hóparnir hafðir litlir eða mannaðir tveimur kennurum. Lítil íslenskuhópur var þó starfræktur í námverinu með örfáum nemendum sem þurftu mikla aðlögun á námsefninu. Í dönsku var starfræktur lítill hópur þar sem tveir kennarar sinntu tólf nemendum og völdu þeir nemendur allir að taka almennt grunnskólapróf í dönsku. Í stærðfræði voru starfræktir þrjú litlir hægferðahópar.

Skólaárið 2020-2021 voru 17 nemendur, af 176 nemendum árgangsins, í 10. bekk með einstaklingsnámskrá í stærðfræði og/eða íslensku/ensku/dönsku þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat. Þetta eru um 10% nemenda árgangsins.

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá


Nemendur 10. bekkja skólaárið 2020-2021



- Nemendur sem vinna samkv. einstaklingsm. hæfniviðmiðum
- Nemendur sem vinna samkv. hæfniviðmiðum árgangsins

Skólaárið 2020-2021 þáðu 36 nemendur í 10. bekk sérkennslu (hægferðahópur) eða stuðning í námsveri þ.e. 29 drengir og 7 stúlkur. Þetta eru um 20% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði.


Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 10. bekk skólaárið 2020-2021



Lesferill: Skólaárið 2020 -2021 voru lesfimiþróf MMS lögð fyrir alla nemendur skólans þrisvar sinnum þ.e. í september, janúar og maí. Lesfimiþrófin eru unnin af Menntamálastofnun. Prófin mæla leshraða og eru stöðluð miðað við aldur nemenda. Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hver og einn nemandi á sinn lesferil sem spannar alla grunnskólagöngu hans og flyst með honum milli skóla.

Almenn ánægja er með þessar mælingar meðal nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Flestir nemendur setja sér markmið um bætingu á leshraða og þeir nemendur sem nýta vel yndislestrarstundirnar í skólanum sjá undantekningalaust framfarir. Á þessu skólaári var umsjónarkennurum gefinn kostur á því að lestrarþrófa sína nemendur og valdi meirihluti umsjónarkennara að gera það. Með þessu fá þeir meiri tilfinningu fyrir hvar nemendur eru staddir í lestri og geta betur stutt við þá í yndislestartímum.


Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Garðaskóli, maí 2021



Myndin að ofan er úr gögnum frá Menntamálastofnun. Ef við berum árangur nemenda í 10. bekk saman við viðmið MMS sjáum við að fleiri nemendur þ.e. 18% eru undir lágmarksviðmiðunum heldur en MMS gerir ráð fyrir eða 10%. Samkvæmt viðmiðunum MMS eiga 40% nemenda að vera á milli viðmiða 1 og 2 en í Garðaskóla eru það um 28% nemenda. 27% nemenda okkar í 10. bekk, eru á milli viðmiða 2 og 3 en þar gerir MMS ráð fyrir 25% nemenda. Að lokum sést að 27% nemenda í 10. bekk Garðaskóla lesa yfir viðmiði 3 en samkvæmt líkani MMS er gert ráð fyrir 25%.

Draga má þá ályktun út frá þessum upplýsingum að meðalleshraði nemenda sé nokkuð góður en ennþá eru of margir sem ná ekki lágmarksviðmiðunum. Í þeim efnum þarf að gera betur á næsta skólaári.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Garðaskóli, maí 2021



Myndin hér að ofan sýnir að nemendur Garðaskóla eru töluvert fyrir ofan landsmeðaltal þegar leshraði er skoðaður. Mestur er munurinn hjá elstu nemendum. Ef gengið er út frá meðalleshraða allra nemenda þá hafa nemendur í Garðaskóla náð góðum árangri. Samkvæmt upplýsingum frá MMS er meðalárangur nemenda í leshraða í 8. bekk 164 orð á mínútu (lágmarksviðmið 135 orð), meðalárangur nemenda í 9. bekk

173 orð (lágmarksviðmið 140 orð) og meðalárangur nemenda í 10. bekk 180 orð á mínútu (lágmarksviðmið 145 orð).

Garðabær júní 2021

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu.

Skýrsla fagstjóra í dönsku

Kennarar í dönskudeild voru fjórir í vetur, Erla Karlsdóttir fagstjóri, Erla Hrönn Randversdóttir, Guðný Rut Gylfadóttir og Vigdís Thordersen.

Skipulag og ferðaskipting

Skipulag dönskudeildar er með þeim hætti að allir nemendur í 8. bekk eru í sama námsefni og fara að mestu leyti á sama hraða gegnum efnið. Ferðir í dönskudeild voru tvær í 9. bekk, miðferð og hraðferð. Nokkrir nemendur þurftu aukna aðstoð og voru því tveir kennarar í einni miðferðinni. Í 10. bekk voru ferðirnar þrjár, ein hægferð með tveimur kennurum, miðferð og hraðferð. Skipt er í ferðir að mestu eftir námsárangri. Námsefni, verkefni og próf mið- og hraðferða eru þau sömu en áherslumunur ferðanna felst í því að hóparnir í miðferð eru fámennari í þeim tilgangi að hver nemandi fái meiri tíma með kennara til aðstoðar við námið. Hægferð fær aðlagð námsefni ásamt því að tveir kennarar eru með hægferðarhópinn. Námsefnið og kennslan í hægferð er unnið út frá því að að nemendur sem standa sig vel geta þreytt lokapróf með mið- og hraðferðum og átt kost á að flytjast milli ferða frá 9. til 10. bekkjar og taka almennt lokapróf í dönsku við lok grunnskóla. Annars er gefin stjörnumerkt einkunn. Kennarar leggja sig fram við að upplýsa nemendur um ferðafyrirkomulag og markmið þeirrar ferðar sem þeir eru skráðir í og að bættur eða slakari árangur í 9. bekk getur þýtt flutning milli ferða í 10. bekk. Í ár flytjast nokkrir einstaklingar milli ferða í 10. bekk.

Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2018-2019:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð		0	12
Miðferð		22	32

Hraðferð		132	117
Ekki ferðaskipt	184		

Helstu áherslur í kennsluháttum og námi

Í vetur héldum við áfram að vinna námsefni vetrarins í lotum sem við byrjuðum á sl. vetur og voru 3 lotur í flestum árgöngum. Loturnar virka þannig að nemendur fá að vita í upphafi hvernar lotu hver marmiðin eru, hvaða verkefni og próf verða lögð fyrir. Reynt er að dreifa hæfniviðmiðum fagsins eins jafnt og kostur er og leitast við að nemendur séu meðvitaðir um hvaða þætti verið er að vinna með hverju sinni. Deildin er í stöðugri þróun í öllu sínu starfi og í vetur skiptum við út nokkrum eldri verkefnum fyrir ný til að koma til móts við nýjar áherslur og kröfur nemenda.

Dreifing einkunnna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2020

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nemenda í 10. b.
A	12 %	4,5 %	4 %
B+	28 %	22 %	27 %
B	50 %	44 %	37,5 %
C+	8 %	17,5 %	12 %
C	6 %	7 %	12 %
D	1 %	5 %	7 %
Aðlagð námsefni/námsmat			0,5 %
Undanþága/vottorð			
Samtals	100%	100%	100%

Covid 19 – samkomubann

Covid 19 samkomubann á fyrri hluta vetrar setti strik í reikninginn í skipulagi og aðlöguðum við nám í dönsku eins og þörf var á m.a. með því að setja verkefni sem annars voru unnin í tíma netið, tókum sumt út og settum annað sem hentaði betur inn í staðinn. Við höfðum lært mikið af samkomubanni sl. vetrar og vorum ágætlega

í stakk búna til að takast á við þessar breyttu aðstæður. Veturinn gekk vel í dönsku og þakkar núverandi fagstjóri fyrir samstarfið í deildinni síðastliðin fjögur ár þar sem önnur verkefni bíða í Garðaskóla næsta vetur.

Garðabær, júní 2021,

Erla Karlsdóttir, fagstjóri í dönsku

Skýrsla fagstjóra í ensku

Enskukennarar skólaárið 2020-2021 voru: Anna Lena Halldórsdóttir, Halla Thorlacius, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Sigurður Stefán Haraldsson og Súsanna Vilhjálmsdóttir.

Ferðaskipting

Ekki var skipt í ferðir í 8. bekk en 2 nemendur unnu eftir kennsluáætlun 9. bekkjar og verða því í 10. bekkjar hópi næsta skólaár. Aðrir nemendur í 8. bekk voru með sama námsefni en yfirferð og námsmat var einstaklingsmiðað eftir þörfum. Í öllum árgöngum eru hæfnimarkmið og matsviðmið einstaka verkefna kynnt fyrir nemendum í upphafi verkefnavinnunnar, svo þeir viti til hvers er ætlast af þeim og hvaða þættir verkefnisins eru metnir.

Nemendur í 9. bekk skiptust í hægferð, mið/hraðferð og flugferð. Í hægferð er áherslan á að styrkja grunnfærni nemenda í ensku, hvað varðar orðaforða, máltilfinningu og lesskilning og undirbúa þá til að takast á við meira krefjandi verkefni. Í mið/hraðferð er byggt ofan á þá þekkingu og færni sem náðist í 8. bekk með meiri áherslu á lestur ýmiss konar texta, tileinkun orðaforða, ritun og leiðsagnarmat þar sem nemendum er leiðbeint í gegnum verkefnavinnu. Nemendur í flugferð ljúka námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári sem krefst þess að þeir vinni jafnt og þétt, taki meiri ábyrgð á eigin námi og geti unnið sjálfstætt.

Nemendum í 10. bekk var raðað í miðferð, hraðferð og framhaldsskólahóp. Nemendur í framhaldsskólahópi unnu með efni á framhaldsskólastigi og tóku síðan lokapróf að vori á vegum Fjölbrautaskólans í Garðabæ (FG). Nemendur í hraðferð lásu lengri og meira krefjandi texta um fjölbreytileg efni. Lögð var áhersla á að nemendur fengju tækifæri til að afla sér upplýsinga, um tiltekin málefni, vinna í auknu mæli með heimildir, spyrja gagnrýnna spurninga og tjá sig munnlega og skriflega á skipulegan hátt. Miðferðarhóparnir voru fámennari en hraðferðirnar en lögð var áhersla á lestur flóknari texta, tileinkun orðaforða og formlega ritun. Nemendur unnu að hluta til með efni hraðferðar en það var aðlagð að þeirra getu með því að sérsníða sum verkefni/próf, auk þess sem yfirferðin var hægari en í hraðferð. Í miðferð þetta skólaárið voru 3 nemendur sem þurftu meiri stuðning en aðrir innan hópsins og fylgdu þeir einstaklingsáætlun sem var sniðin að þeirra þörfum. Að vori tóku umræddir nemendur aðlagð lokapróf á meðan að aðrir nemendur miðferðar tóku sama lokapróf og hraðferðarnemendur.

Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2020-2021:

Ferðir	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	17	
Miðferð		46
Mið/hraðferð	116	
Hraðferð		101
Flugferð	32	
Fjölbrautahópur		29

Grunnpættir menntunar og leiðbeinandi kennsluhættir

Í Enskudeild Garðaskóla var unnið með grunnpætti menntunar á margvíslega vegu. Til að mynda lásu nemendur texta við hæfi í þeim tilgangi að dýpka lesskilning og auka orðaforða. Þá unnu nemendur fjölbreytt og skapandi verkefni í samræmi við aldur og getu. Með því að vinna verkefni við hæfi, er verið að ýta undir vellíðan sem eykur svo líkurnar á betri námsárangri. Auk þess var reynt að tengja einstaka verkefni við áhuga nemenda og voru sum verkefni einnig til þess fallin að efla gagnrýna hugsun og gefa nemendum tækifæri á að koma eigin skoðunum á framfæri. Að lokum þurftu nemendur í ákveðnum tilvikum að sýna fram á færni í að bera sameiginlega ábyrgð í verkefnavinnu í þeim tilvikum þar sem fleiri voru að vinna saman að verkefni. Rík áhersla er lögð á leiðbeinandi kennsluhætti í vinnu kennara í ensku með nemendum. Nemendur í öllum árgöngum fá leiðsögn á meðan á verkefnavinnu stendur og geta þannig bætt verkefni sín samkvæmt þeirri leiðsögn sem þeir fá í gegnum vinnuferlið. Kennarar hafa aðgang að rafrænum verkefnum nemenda í Google Classroom og geta því leiðbeint þeim jafnóðum. Góð dæmi um verkefni þar sem að leiðsagnarferlið hefur skipt sérstaklega miklu máli eru þemaverkefni í 9. bekk og ræðuskrif og heimildaritgerð í 10. bekk.

Dreifing einkunna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2020

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nemenda í 10. b.
A	19,0%	3,0%	19,3%
B+	28,5%	26,1%	24,4%
B	29,0%	30,9	29,0%
C+	11,5%	18,8	10,8%

C	8,0%	7,9	12,5%
D	3,5%	3,0%	2,0%
Aðlagað námsefni/námsmat	0,5%	10,3%	2,0%
Undanþága/vottorð	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	100%	100%	100%

Vegna COVID-19 þurftu kennarar enskudeildar að endurskipuleggja nám og kennslu á seinni hluta haustannar og skiptu enskukennarar bekkjum í öllum árgöngum síni á milli. Nemendur voru fyrir hádegi í skólanum í sínum bekkjum en unnu að öðru leyti sjálfstætt. Breyta þurfti því röðun verkefna á námsáætlun á þann hátt að verkefni sem auðvelt var að vinna sjálfstætt voru færð yfir á þetta tímabil.

Samantekt

Í heildina erum við ánægð með starf vetrarins, ekki síst því við teljum okkur hafa náð að halda uppi öflugum faglegu starfi í öllum árgöngum á meðan á breyttu kennslufyrirkomulagi stóð á haustönn. Við teljum líka að deildin standi sig vel í leiðsagnarmati, fjölbreyttum kennsluháttum og notkun upplýsingatækni í kennslu. Deildin lagði meiri áherslu á formlega ritun og ræðumennsku í 10. bekk þar sem að nemendur þurftu að sýna fram á gagnrýna hugsun með því að færa rök fyrir máli sínu og komast að niðurstöðu. Við teljum að þetta hafi borið góðan árangur en þó eru einstaka þættir sem þarf að fínþússa í ljósi reynslunnar.

Námsefnið í öllum árgöngum er í stöðugri þróun og mikilvægt að nýta reynsluna til þess að endurskoða, breyta og bæta eftir þörfum. Við viljum þó meina að við séum á réttri leið. En ein helsta áskorunin sem enskukennarar standa frammi fyrir er að það vantar meira og fjölbreytilegra kennsluefni fyrir efri bekk grunnskóla, sér í lagi 10. bekk. Það er von okkar að tekið verði á þessum málum innan Menntamálastofnunar sem fyrst.

Garðabær, júní 2021,

Halla Thorlacius, fagstjóri í ensku

Skýrsla fagstjóra í íslensku

Kennarar

Gísli Rúnar Konráðsson

Hulda Kristmannsdóttir

Kristín S. Sigurleifsdóttir

Orri Þórðarson

Ragnhildur Thorlacius

Rúna Björk Þorsteinsdóttir

Ferðaskipting

Engin ferðaskipting var í 8. bekk frekar en fyrri ár.

Í 9. bekk var sama fyrirkomulag og undanfarin ár, hægferð, miðferð og flugferð. Á skólaárinu voru tólf nemendur í hægferð, allir með aðlagað námsmat og stjörnumerkt próf. Yfirferð námsefnis og verkefni er hvort tveggja miðað við námslega getu nemenda. Miðferðin er fjölmennust og í henni er þorri allra nemenda í árganginum. Í flugferðinni, sem tekur bæði námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári, var 31 nemandi að þessu sinni.

Í 10. bekk var engin hægferð frekar en skólaárið 2019 - 2020. Þess í stað voru tvær ferðir, miðferð og hraðferð, auk fjölbrautarhópsins. Í miðferð er farið hægjar yfir námsefnið og nemendur vinna að nokkru leyti önnur verkefni en þeir sem eru í hraðferð en taka sömu próf. Reynslan af þessu fyrirkomulagi á síðasta skólaári gafst vel og því var það látið halda sér. Fjölbrautahópurinn tók einn áfanga frá FG á haustönn en var í ýmsu framhaldsskólaefni á vorönninni.

Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2020-2021:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	Engin	12	x
Miðferð	ferðaskipting	128	37
Mið/hraðferð	í		
Hraðferð	8.		111
Flugferð	bekk	31	
Fjölbrautahópur			29

Kennsluhættir

Kennsluhættir hafa að mestu verið svipaðir og á síðasta skólaári. Covid-tímabilið setti að sjálfsögðu strik í reikninginn en reynslan af Covid-kennslunni á vorönn 2020 kom okkur til góða. Reynt er að hafa kennsluna fjölbreytta þannig að hún höfði til allra nemenda og mismunandi hópa. Að öðru leyti vísast til námsáætlana og skólanámskrár.

Grunnþættir menntunar

Í íslenskudeildinni er ekki unnið sérstaklega með grunnþætti menntunar en þeir fléttast inn í starfið á einn eða annan hátt án þess að vera beinlínis orðaðir í kennslunni. Það á bæði við um verkefni sem tengjast grunnþáttunum beint eða óbeint og ekki síður í umræðum í kennslustundum. Þeir þættir sem koma einna mest við sögu á þennan máta eru læsi, jafnrétti og sköpun en hinir þrír seytla líka með þó í minna mæli sé.

Breytingar og þróunarverkefni

Á þessu skólaári voru ekki miklar breytingar, hvorki á kennslufyrirkomulagi né öðru skipulagi. Talsverðar skipulagsbreytingar voru hins vegar gerðar fyrir skólaárið 2019 – 2020 og vísast til skýrslu fagstjóra frá fyrra ári í þeim efnum. Við teljum reynsluna af þeim breytingum góða. Við erum að vissu leyti enn í því breytingaferli, einkum hvað varðar námsefni og yfirferð þess í 8. bekk. Fyrir næsta vetur munum við koma ákveðnum þáttum í fastari skorður og þá fyrst og fremst þeim sem snúa að ritun.

Engin eiginleg þróunarverkefni sem snúa beint að leiðsagnarmati eða leiðbeinandi kennsluháttum hafa verið í gangi. Alltaf er þó talsverð umræða innan deildarinnar um hvernig slíku verði best fyrir komið.

Dreifing einkunnna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2021

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nem. í 10. b.
A	0,6%	0%	17,1%
B+	33,3%	34,2%	21,2%
B	41,7%	36,1%	37,6%
C+	14,8%	16,2%	9,4%
C	9,6%	9,9%	9,4%
D	0%	3,6%	5,3%
Aðlagð námsefni/námsmat	10 nem. af 200	10 nem. af 171	3 nem. af 177
Undanþága/vottorð	0	0	0
Samtals	100%	100%	100%

Í hlutfallstölunum hér að ofan eru allir nemendur aðrir en þeir sem eru með aðlagð námsmat.

COVID-19

Starfið í

samkomubanni

Í nóvember og desember urðu talsverðar breytingar á fyrirkomulagi kennslunnar í 9. og 10. bekk vegna Covid-19. Lítil sem engin röskun varð í 8. bekk vegna þess að kennt var í bekkjum og árgangnum ekki skipt í ferðir. Öðru máli gegndi um 9. og 10. bekk. Sökum þessa fyrirkomulags, þ.e. að kenna í bekkjum í stað hópa, voru nemendur úr mismunandi hópum nú saman í kennslustundum, sumir með hægferðarefni, aðrir með mið- og hraðferðarefni og enn aðrir í flugferðar- eða fjölbrautarefni. Þá raskaðist stuðningur við suma nemendur og féll jafnvel niður að mestu. Flugferð og fjölbrautarhópi var sinnt sérstaklega á Google Meet en það var erfiðara um vik að sinna hægferð á þann hátt af ýmsum orsökum.

Okkur tókst að mestu að láta námsáætlanir halda sér en þó urðu nokkrar breytingar sem sneru að námsefni, verkefnum og verkefnaskilum.

Ef til þess kemur að einhvern tímann þurfi að endurskipuleggja kennslufyrirkomulag, líkt og gera þurfti vegna Covid-19, þá er skoðun fagstjóra sú að heppilegra sé að kenna í hópunum sem til staðar eru, a.m.k. ef nokkur kostur er.

Mat á starfi skólaársins

Við teljum allvel hafa til tekist á skólaárinu þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður í nóvember og desember og í heildina erum við sátt við árangurinn. Deildin leitar stöðugt leiða til að gera gott starf enn betra og þó að breytingar séu ekki alltaf miklar eða auðsæjar milli ára, á stöðug gerjun sér stað. Gera má ráð fyrir að enn dragi úr vægi málfræðikennslu en áherslan aukist að sama skapi á bókmenntir og ritun. Mikilvægt er að allir nemendur skólans hafi áfram aðgang að Skólavefnum. Skipulag námsins gerir ráð fyrir að vefurinn sé notaður enda fjölbreytt efni þar sem nýtist vel í kennslunni. Þá munum við halda áfram að endurmeta þann bókakost sem notaður er við námið, taka inn nýtt efni en leggja annað til hliðar, a.m.k. í bili. Betri aðgangur að Chromebook-tölvum hefur haft jákvæð áhrif fyrir okkur og nýst vel.

Markmið deildarinnar er enn sem áður að gera nemendur að sem bestum málnotendum. Það reynum við að gera með ýmsu móti og vísast þar sem fyrr í námsáætlanir.

Gísli Rúnar Konráðsson.

Fagstjóri í íslensku.

Skýrslur list- og verkgreinakennara

Skýrsla heimilisfræðikennara

Kennarar

Hrönn Axelsdóttir

Hulda Sigurjónsdóttir

Kennsluefni

Notaðar eru uppskriftir frá kennurum og aðrar af netinu til verklegrar kennslu í öllum árgöngum. Fyrir bóklega kennslu í 8. bekk er stuðst við bókina Næring og lífshættir og bæklinginn Ráðleggingar um mataræði sem gefinn er út af Embætti landlæknis. Einnig notum við internetið, þar sem nemendur fá aðstoð við að afla sér áreiðanlegar upplýsingar um ákveðið viðfangsefni, ásamt verkefnum frá embætti landlæknis um orkuefni, sykurneyslu, skráargatið og ýmislegt fleira.

Kennslustundafjöldi

8. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

9. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

10. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

Námsmat

Í öllum árgöngum er stuðst við símat. Í 8. bekk er hver tími metinn, það er bókleg vinna annars vegar og verkleg vinna hins vegar. Einnig erum við með lokaverkefni sem er metið til einkunnar þar sem nemendur elda heima og taka myndir sem og segja frá ferlinu og skila inn á Classroom. Í 9. og 10. bekk er hver verklegur tími metinn og gefin einkunn eftir hvern tíma. Algengasta einkunnin í heimilisfræði er B og B+ en að meðaltali einn til tveir í hverjum hóp sem fær lægra eða hærra.

Helstu kennsluáherslur fagdeildar

Starfið í vetur:

Nemendur voru glaðir og áhugasamir eins og þeir eru í lang flestum tilvikum. Það er svo skemmtilegt í heimilisfræði að stundum kemur fyrir að aðrir nemendur skólans reyni að smeygja sér með í hópana. Haustið 2020, frá byrjun nóvember og út önnina, var aðeins kennsla í 8 bekk eða ein stund á viku í stað tveggja fyrir hvern bekk þar sem voru hertar sóttvarnarreglur vegna Covid. Einnig fengu nokkrir nemendur í sérkennslu að sækja kennslu í heimilisfræði á þessum tíma. Valáfangar í 9 og 10 bekk fengu enga kennslu út haustönnina en þess í stað fengu þeir kennslu út janúar og vorhóparnir byrjuðu þá seinna. Passað var upp á jafnvægi á tímum yfir veturinn hjá hvorum hópum.

Við upplifðum deyfð meðal nemenda í 8 bekk í heimilisfræði á meðan hertar sóttvarnarreglur voru í gildi.

Nemendur stóðu sig flestir vel og voru mjög áhugasamir. Hefur þar kannski stór áhrif góður félagsandi í kennslustundum, skemmtileg matreiðsla og að nemendur fá að borða.

Nemendum er skipt í hópa, 2-4 í hópi sem vinna saman og bera sameiginlega ábyrgð á vinnusvæðinu. Þar reynir á félagslegan þroska þeirra, sem getur verið misjafn. Nemendur vinna annað hvort með sameiginleg eða einstaklingsverkefni samkvæmt kennsluáætlun en fá að velja verklegt verkefni um það bil einu sinni í mánuði.

Í verklegum þætti eru megin áherslur heimilisfræði/matreiðslu að nemandi kynnist undirstöðuatriðum við matreiðslu og baksturs mismunandi rétta, svo sem kjöts, fisks og brauðréttu ásamt kökubakstri. Nemandi kynnist algengustu matreiðsluáferðum ásamt matreiðsluháttum annara þjóða.

Nemandi þjálfast í að nota helstu áhöld og tæki sem tilheyra heimiliseldhúsi, læri að vinna sjálfstætt, með öðrum í sátt og samlyndi, geti forgangsraðað verkefnum, unnið skipulega og haldið vinnusvæðinu hreinu og snyrtilegu. Að nemandi taki ábyrgð á vinnusvæði sínu og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og umgengni við matvæli.

Lögð er áhersla á að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi þess að matreiða/baka frá grunni sem gerir heimilishaldið hagkvæmara og að forðast óparfa aukaefni í matvælum, að það þurfi ekki endilega að taka langan tíma að laga matinn sjálf.

Fjallað er um mikilvægi þess að fara vel með hráefni, ekki henda matvælum að óþörfu, passa upp á geymslupól, dagsetningar og kælingu matvæla. Að nemedur geri sér grein fyrir því að dagsetningar á matvælum eru miðaðar við best fyrir, matvaran sé ekki endilega ónýtt, eins og algengt er að fólk haldi t.d. um mjólkurvörur, sem geymast mjög vel sé passað upp á kælingu. Að henda mat að óþörfu í ruslið er sambærilegt við að henda peningum og er einnig slæmt fyrir umhverfið.

Farið er í flokkun og almenna umhverfisvitund. Nemendur flokka lífrænan úrgang, pappa, plast, ál, málma ofl. Jafnframt förum við í sápunotkun og önnur efni og mikilvægi þess að nota minna en meira. Nemendur eru flestir meðvitaðir um mikilvægi þess að flokka og huga að umhverfinu með of mikilli notkun efna eða matarsóun.

Fjallað er um óhollustu sykurs og sykur í mætvælum, sérstaklega í tilbúnum mætvælum svo sem ýmsum drykkjum og mjólkurvörum og að mikilvægi þess að neyta fjölbreytts fæðis og vera meðvitaður um þau hráefni sem eru í matnum sem við borðum. Því sé mikilvægt að laga matinn frá grunni og forðast sem mest unnar matvörur.

Verklega námið er mikilvægur hluti skólastarfsins þar sem tækifæri gefst til að hvíla sig smá stund frá bókunum en um leið læra aðra mikilvæga hluti sem nýtast vel út lífið.

Verkleg vinna

Í 9. og 10. bekk er einungis verklegt nám. Í 8. bekk er þriðjungur kennslustunda yfir önnina verklegar.

Í verklega náminu reynir mjög á hæfni, sjálfstæði, skipulag og samvinnu nemenda sem getur gengið misjafnlega, sérstaklega við þrif og frágang.

Oftast gengur samvinnan vel, sem er nauðsynlegt svo sett markmið náist á stuttum tíma.

Markmiðið í verklega náminu er að undirbúa-elda/baka-borða og ganga frá vinnusvæðinu áður en næsti hópur mætir. Stuttur tími milli hópa er stressandi fyrir kennarana sem þurfa að undirbúa verkefni fyrir næsta hóp sem oft eru með önnur verkefni.

Bókleg vinna

Bókleg verkefnavinna er eingöngu í 8. bekk. Þar er vægi bóklegra verkefna tæpur þriðjungur af heildareinkunn. Kennslustundir eru tvær samliggjandi á viku og fer bókleg vinna fram þrisvar sinnum á önn, tvær kennslustundir í senn.

Í bóklegrri heimilisfræði er farið í næringarefni matvæla og hlutverk þeirra, sykurmagn í ýmsum mat- og drykkjarvörum, neyslu orkudrykkja og ýmislegt fleira. Mikilvægi þess að velja fæði sem er fjölbreytt og hollt.

Heimanám

Nemendur vinna eitt lokaverkefni í lok annar þar sem þeir eiga að matreiða og undirbúa kvöldmáltíð fyrir fjölskyldu og/eða vini. Nemendur þurfa að segja frá ferlinu í texta og myndum. Þetta verkefni hefur nemendum þótt mjög áhugavert, lærdómsríkt og skemmtilegt.

Kostnaður

Heimilisfræði/matreiðsla hefur í för með sér stöluverðan kostnað og hefur matvöruverð hækkað nokkuð síðustu misserin svo um getur verið að ræða nokkurra prósentu hækkun á milli anna. Það er verðugt verkefni að passa vel upp á öll hráefniskaup til heimilisfræðinnar, fara vel með og gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þeirra þátta.

Þróun

Undanfarin ár hefur verið unnið að því innan fagsinns að aðlaga verkefni með það að markmiði að draga úr hráefniskostnaði. Það hefur verið gert með því að hafa minna af kjöt og fiskréttum og meira af brauð og kökubakstri og minnka magn, sérstaklega hvað varðar dýrara hráefni í uppskriftum. Brauð og kökubakstur eru góð og verðug verkefni en flokkast ekki beint sem hollusta ef of mikið er unnið með slíkt.

Hefur með þessu tekist að halda í við aukinn kostnað við hráefnisinnkaup. Ljóst er að það verkefni heldur áfram en það er ekki hægt endalaust að draga úr hráefniskostnaði án þess að það fari að bitna á kennslunni þar sem vöruverð hækkar stöðugt. Áætlað ráðstöfunarfé til heimilisfræðinnar hefur ekki stigið í sama takt við verðhækkunarir og er þar með líklegt að kostnaður við vöruinnkaup geti farið fram úr áætlunum.

Verðugt verkefni inn í framtíðina er að auka við matreiðslu af hollara tagi, svo sem grænmetisréttu í bland við kjöt, fisk og gróf brauð.

Aukinn áhugi meðal nemenda að vera í kjöt- og/eða fisklausum lífsstíl. Það reynir á útfærslu og skipulag kennarans að finna eitthvað annað hráefni í staðin. Einnig þarf að huga vel að þeim nemendum sem eru með óþol eða ofnæmi.

Gagn og gaman

Því miður féllu þeir dagar niður vegna Covid en eru engu að síður mjög mikilvægir sem uppbrot í skólastarfi.

Þrif

Frágangur og þrif nemenda í lok kennslustunda eru misjöfn og fer töluverður tími kennara í þrif þegar kennslu er lokið á daginn. Eins og við höfum rætt áður þá er mikilvægt að skoða nánar hvernig þrifum verður háttað á komandi vetri og fara nánar yfir starfslýsingar kennara og starfsmanna sem sjá um þrif í eldhúsinu.

Endurnýjun og úrbætur

Óhjákvæmilegt er að endurnýja eitthvað af verkfærum og áhöldum þar sem tæki og tól hafa takmarkaðan líftíma og ganga úr sér, s.s. pottar, pönnur, rafmagnsþeytarar og smærri handverkfæri.

Framtíðarsýn

List- og verkgreinakennarar hafa verið duglegri síðustu ár að hittast og deila skoðunum sínum og hugmyndum á kennsluháttum og námsmati. Liðið ár hittumst við lítið sem ekkert og ástæðan fyrir því gæti verið í auknu álagi vegna Covid skipulags ofl. Það er mjög mikilvægt að auka samstarf á milli kennslufaga, t.d. milli verkgreina.

Auka þarf markvist vitund nemenda um hvað þeir setja ofan í sig (borða), t.d. hvað varðar sykur í algengum matvælum, næringarinnihald og neysla/áhrif orkudrykkja, geymslupól, öll fita er t.d. ekki lífshættuleg og í mörgum tilvikum lífsnauðsynleg. Einnig er mikilvægt að leggja enn meiri áherslu á nýtingu og sóun matvæla, flokkun og almenna umhverfisvitund.

Með þökk fyrir veturinn

Hrönn Axelsdóttir og Hulda Sigurjónsdóttir, kennarar í heimilisfræði

Myndlist og tónlist

Kennarar í myndlist eru Herborg Eðvaldsdóttir og Magnús Dagur Sævarsson, sem er einnig tónmenntakennari skólans. Allir nemendur 8. bekkjar í Garðaskóla fara í myndmennt og tónmennt hálf tónmennt skólaárið. Bekkjunum er skipti í tvennt og eru annað hvort fyrir eða eftir áramót í þessum greinum. Innan deildarinnar eru svo valáfangar sem standa nemendum í 9. og 10. bekk til boða. Í vetur var það myndlistarval, myndasögugerð, rafmögnuð tónlist sem og leir og hönnun. Myndlist og tónlist kemur inn á alla grunnþætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Innan deildarinnar er unnið með leiðbeinandi og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Nemendur fá frelsi innan hvers verkefnis til að koma með sína nálgun og virkja eigin sköpunarkraft og gleði. Dæmi um það má sjá í verkefninu Dygðir sem byggir á vinnu Ingimars Waage við doktorsverkefnið hans í kennslufræðum. Þar er leitast við að nemendur byggi á eigin reynsluheimi og tilfinningum, sem er síðan útfært í myndverk. Rannsókn Ingimars miðar að því að kanna hvort að myndlistarvinna nemenda breyti siðferðisvitund þeirra.

Skólaárið einkenndist mikið af COVID-19. Hóparnir sem voru á haustönn fengu bara einn kennslutíma á viku í stað tveggja auk þess var skólanum lokað fyrir um páskana. Því þurftum kennara að aðlaga námsefni og námsmat auk þess fór heilmikil vinna í að halda öllum sóttvörnum í lagi. Við sem kennarar erum sífellt að reyna að bæta kennsluhætti sem og leita að spennandi viðfangsefnum. Við förum með valhópana á söfn og kynnum þau fyrir listamönnum, innlendum og erlendum. Því miður var minna gert að því á þessu skólaári vegna Covid-19 við stefnum hins vegar að því á næsta skólaári að heimsækja söfn oftar.

Deildin er í elsta hluta skólans og eru báðar kennslustofurnar löngu komnar á tíma, húsgögnin eru gömul og mörg hver eitthvað sem endaði hér eftir lagfæringu á öðum stofu. Það er erfitt að koma skipulagi á stofurnar sökum lélegs aðbúnaðar, hillna og geymslurýmis. Loftgæði í tónmenntar- og myndlistarstofu teljum við alls ekki góð, það er oft þungt loft inni í stofunum og finna kennarar fyrir þreyttu og óþægindum vegna þess. Í tónmenntastofunni eru engir gluggar sem hægt er að opna og því er erfitt að stjórna hitastiginu og loftgæðum þar inni. Auk þess er tónmenntastofan ekki hljóðeinangruð og er hljóðvistin þar inni mjög léleg

og hentar illa til kennslu og veldur hávaða og truflun í nærliggjandi kennslustofum á efri og neðri hæð. Nemendur hafa kvartað yfir óþægilegum stólum, vondri lykt, lélegri aðstöðu og slæmum loftgæðum. Það hafa tveir myndmenntakennarar látið af stöfum vegna slæmra loftgæða sem hefur haft vond áhrif á heilsu þeirra. Okkur finnst það vera brýnt mál að uppfæra bæði myndmennta- og tónmenntastofuna sem allra fyrst. Það er heldur ekki ákjósanlegt að hafa keramikofninn í anddyri stofu 108 bæði vegna gríðarlegs hita sem myndast og lyktar sem hann gefur frá sér þegar hann er í gangi. Þó er reynt eftir megni að brenna hluti um helgar eða að nóttu til.

Garðabær, júní 2021, Herborg Eðvaldsdóttir og M. Dagur Sævarsson

Smíði

Allir nemendur 8. bekkjar Garðaskóla fara í smíði hálf tónn skólaár, helmingur hvers bekkjar á haustönn og hinn helmingurinn á vorönn. Nemendum 9. og 10. bekkja stendur einnig til boða að velja smíði. Hugmyndir nemenda ráða ferðinni í valinu. Smíðanám kemur inn á alla grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, mannréttindi jafnrétti og sköpun

10. júní 2021

Jón Einar Lambi Haraldsson smíðakennari

Textíl og fatahönnun

Áhersla í textíl er að gera nemendur sem mest sjálfbjarga á saumavélar. Þeir læra textílaðferðir og taka frumkvæði að verkefnavali þar sem aðferðirnar koma fram í verkefnunum. Á þessu ári fengu allir að saumuðu sér eina flík í saumvél og lærðu þar með grunnhandtök við vélsaum og frágang á vélsaumaðri flík. Einnig var lögð áhersla á að allir kynnu að fitja upp fyrir þrjónaverkefni og þrjónuðu svo æfingarferning. Þrjónaferningarnir voru saumaðir saman í eitt stórt teppi sem þrýðir nú stofuna. Verkefnin skrá nemendur á leiðsagnar- og sjálfsmatsblað og þar koma fram þau hæfniviðmið sem unnið er með í hverjum árgangi. Með því móti ber hver og einn ábyrgð á sinni vinnu og skráningu verkefna. Farið er yfir stöðuna nokkrum sinnum yfir önnina og lagt á ráðin með framhaldið. Unnið er með hæfniviðmið Aðalnámsskrár annað hvort í 8. bekk eða í valáföngum. Í textílmennt er mesta áhersla á grunnþættina sjálfbærni og sköpun samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla.

Það er mikilvægt að sýna og segja nemendum frá þeirri þróun sem er að eiga sér stað í textíliðnaðnum og hvetja þá til að gera eitthvað í sínum neysluvenjum umhverfinu til heilla. Eitt af verkefnum ársins í 8. bekk var að hlusta á podcast þátt um áhrif tískuiðnaðarins á umhverfið og náttúruna og svara nokkrum spurningum og koma með tillögur að lausnum á vandanum. Í valáföngum í 9. og 10. bekk fengu nemendur að heimsækja verslunina Extraloppan, sem er básaleigubúð þar sem fólk selur notaðar vörur. Verslunin situr alltaf uppi með einhverjar ósóttar flíkur sem gefnar eru í Rauða krossinn, en nemendur fengu að velja úr þeim flíkum nokkrar til að vinna með og breyta. Slík endurvinnsluverkefni eru góð leið til að kenna og sýna

nemendum hvernig gamlar flíkur geta öðlast nýtt líf með smá útsjónarsemi, hugmyndarflugi og saumakunnáttu.

Skólaárið einkenndist mikið af COVID-19. Hóparnir á haustönn fengu bara einn kennslutíma á viku, í stað tveggja, auk þess var skólanum lokað fyrir um páskana. Því var nauðsynlegt að aðlaga námsefni og námsmat.

Kennslustofan þarfnast viðhalds. Borð voru þússuð í ár en gott væri að fá útdraganlegar skúffur í þá skápa sem fyrir eru eða skipta þeim út fyrir nýja. Parket mætti þússa upp, mála stofuna og yfirfara lýsingu.

10. júní 2021

Eyrún Birna Jónsdóttir, textílkennari

Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði

Í ár samanstóð náttúrufræðideildin af þremur kennurum: Margrét Betty Jónsdóttir sem er fagstjóri, Þorfinnur Hannesson og Halldóra Lind Guðlaugsdóttir.

Lögð var áhersla á samvinnu samvinnu nemenda, tilraunir og athuganir. Vegna ástandsins var það erfitt og oft þurfti að fara í vinnubókarblöð og glósur í stað verkefna og tilrauna þar sem ekki var í boði að lána nemendum gögn eða láta þá vinna náið saman í hóp.

Mikið var unnið með samvinnu og sjálfstæði nemenda, þegar það var hægt, og þeir beðnir um að leggja mat á eigin nám með sjálfsmati. Við náðum að virkja nemendur í tjáningu og miðlun með því að láta þau taka sig upp á myndbönd og segja frá með myndum, teikningum, podkasti, skrift og fleiri aðferðum. Nemendur í náttúrufræði eru alltaf hvattir til að vera gagnrýnir á heiminn, leita sér að fjölbreyttum upplýsingum á fjölbreyttan hátt og koma með sína eigin merkingu á efninu út frá heimildum.

Í ár var ekki mikið um þróunarverkefni en breytingar sem voru gerðar voru meðal annars þær að ákveðið var að hafa ekki próf. Náttúrufræði er meira en það að geta lært plöntur, frumefni eða annað utan að og það er illa hægt að mæla á prófum skilning nemenda á sambandi lífvera í vistkerfum, ferlum í náttúrunni, tengsl gevitungla við nútíma samfélag og fleira. Við teljum nemendur geta fengið dýpri skilning á efninu með því að vinna stærri verkefni þar sem þeir tengja saman ólík efni og búa til heildstæða mynd.

Nemendur fá nær alltaf matskvarða með verkefnalýsingum sínum í náttúrufræði þar sem þeir geta séð fyrir fram hvernig verkefnið verður metið. Ætlunin er að sóknarkvarðinn fylgi alltaf öllum verkefnum en það náðist því miður ekki í ár. Verið er að samræma kvarðann þannig að sá hluti sem mælir lykilhæfnina sé oftast eins en það sem breytist sé það sem mælir hæfniviðmið aðalnámskrár hverju sinni. Matskvarðarnir geta þó aldrei orðið alveg eins þar sem það er munur t.d. eftir því hvort um einstaklings eða hópverkefni er að ræða.

Nemendur fá tækifæri til að meta sjálfa sig og hópfélaga eftir hópvinnu. Þar geta þeir komið fram sínum athugasemdum um samvinnuna, einkunnagjöf, verkefnið í heild o.fl. Kennarar skoða sjálfsmatið þegar farið

er yfir verkefni og oftast er samræmi í því sem nemendur segja og því sem kennari hefur séð meðan á hópvinnu stendur.

Árið í ár var skrítið ár. Tveir reynsluboltar lögðu skóna á hilluna fyrir árið og nýr kröftugur liðsmaður kom til starfa. Haustið byrjaði án fagstjórans en þrátt fyrir allt þá hélt allt áfram sinn vanagang. Við ætluðum að breyta mun meiru en við gerðum í ár en ástandið var ekki alveg að hjálpa okkur. Deildin leggur mikið upp úr því að það sé gaman og skemmtilegt í náttúrufræði þó það geti líka verið krefjandi. Við stefnum ótrauð áfram í verkefnavinnu í stað prófa og tilrauna og athugana í stað þess að glósa.

Þörf er á smá lagfæringum í stofunum. Búið er að laga vask í stofu 102 en vatns þrýstingur í stofu 104 er lítill og munur á heitu og köldu vatni er mikill. Kíkja þarf á loftræstiristar sem eru lausar í stofum 102 og 104 og beyglaðar í stofu 102. Þrifa þarf loftræstiristar bæði á gólfum og í lofti, þær eru fullar af ryki og drullu. Enn vantar gardínur fyrir gler á hurðum inn á vinnuherbergi.

Dreifing einkunna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaekunn vorið 2020:

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nemenda í 10. b.
A	23	15	44
B+	81	76	54
B	67	45	52
C+	20	18	13
C	4	8	5
D	0	3	3
Aðlagð námsefni/námsmat	2	2	0
Undanþága/vottorð	2	1	5
Samtals	100%	100%	100%

Garðabær, júní 2021

Betty Jónsdóttir, fagstjóri í náttúrufræði

Skýrsla fagstjóra í samfélagsfræði

Kennarar við deildina í vetur voru Andri Rafn Ottesen, Gunnhildur Sigurhansdóttir, Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir fagstjóri og Orri Þórðarson.

Í samfélagsgreinum leggjum við áherslu á að vinna í anda hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla 2011-2013, eins og kemur fram í skólanámskrá og kennsluáætlunum deildarinnar í 8., 9. og 10. bekk. Meginhugtökin sem

unnið var eftir í vetur voru jafnrétti, mannréttindi, lýðræði, gagnrýnin hugsun og fjármálalæsi. Til þess að vinna eftir þessum megin þáttum eru það einkum eftirfarandi greinar innan samfélagsgreina sem unnið er með – landafræði og landfræði, jarðfræði, þjóðfélagsfræði og saga 19. og 20. aldar, auk þess sem við kynnum nemendum fyrir fögum á borð við hagfræði, viðskiptafræði, stjórn málafræði, mannfræði, lögfræði og sagnfræði. Samvinna hefur verið milli deildarinnar og upplýsingatækni þar sem nemendur hafa nýtt þau forrit og þá kennslu sem þau hafa fengið í upplýsingatækni til að vinna að sínum verkefnum.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsgreinum en þó eru nokkrir einstaklingar sem voru með aðlagð námsefni í vetur. Þeir sitja þó sömu tíma og aðrir og eru jafn virkir þátttakendur í öllum verkefnum og umræðum og aðrir. Það hefur enda sýnt sig að bestu umræðurnar sem skapast í tímum eru í blönduðum hópum þar sem nemendur með mismunandi styrkleika mæta saman og eiga oft á tíðum mjög fjölbreyttar og fjörugar umræður.

Á þessu skólaári þurftum við eins og aðrir að bregðast aftur við Covid-19 og gátum að hluta til byggt á reynslu okkar frá því vorið 2020. Þar sem tekið var upp á því að kennarar kenndu nú ekki bara sínum umsjónarþekkt heldur gátum við farið milli umsjónarþekktja, gekk vel að halda upp fagkennslu. Við kenndum 8. þekkt einu sinni í viku og lærðu þau um Afríku á þessu tímabili. 9. þekktur fékk einn tíma á viku og var byrjað á kennslubókinni Styrjaldir og kreppa og hagfræði var kennd í 10. þekktur sem fékk tvo tíma á viku. Þetta fyrirkomulag gekk vel og ýtti undir að samfélagsfræðideildin færði langflest samskipti um skil á verkefnum yfir á Google classroom og var mikil ánægja með það.

Námsefni samfélagsgreina er viðamikil og ólíkt eftir árgöngum og hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2011-2013 eru uppfyllt með fjölbreyttum hætti. Undanfarin ár hefur verið unnið í því að ná ákveðinni áherslubreytingu í námsefni og í vetur sem leið teljum við að vel hafi tekist til við að ná þeim stöðugleika sem lagt var upp með en í leiðinni höfum við séð hvað má bæta á næsta ári og hvaða námsefni verður nýtt í það. Leiðbeinandi kennsluhættir eru alltaf viðamiklir í okkar deild og hefur það sýnt sig að við fáum betur ígrunduð verkefni frá nemendum í kjölfar þess.

Vægi prófa er lítið í deildinni þar sem einungis eru lokapróf í 9. og 10. þekkt og engin próf á miðjum vetri. Verkefnavinna er mikil og markmið okkar frá því í fyrra að efla ritun tókst að mestu leiti. Sjálfs- og jafningjamat er stór hluti af námsmati deildarinnar. Í 10. þekkt er þátttaka í umræðum veigamikill hluti af námsmati.

Sökum Covid-19 var ekki farið í hina árlegu Skólabingsferð sem skrifstofa Alþingis býður upp á ár hvert. Nokkur umræða hefur verið innan deildarinnar hvort við látum staðar numið og útfærum stjórn mála lotuna okkar á annan veg og verður unnið í því næsta vetur að taka ákvörðun um það.

Nemendur í 10. þekkt fá 155 mínútur á viku í samfélagsfræði og nemendur í 8. og 9. þekkt fá 110 mínútur. Lífsleikni er fléttuð inn í kennsluna og alltaf gefst svigrúm til að bregða sér úr námsáætlun og því sem liggur fyrir ef aðstæður kalla á það. Þannig höfum við gott tækifæri til að ræða og útskýra fréttir líðandi stundar

þegar það á við, fara yfir forsetakosningar í BNA, jarðskjálfta og eldgos á Reykjaneskaga nú eða Brexit og afleiðingar þess á ESB svo fátt eitt sé nefnt.

Í 10. bekk er skólaárinu lotuskipt í átta lotur, en þær eru eftirfarandi: félagsfræði, stjórn málafræði og lögfræði þar sem stuðst er við námsefnið *Á ferð um samfélagið* og hagfræði *Fyrstu skref í fjármálum* (sem Fjármálavit gefur nemendum) fyrir áramót. Svo er það sagnfræðin eftir áramót en þar er farið í gegnum síðari hluta 20. aldar í fjórum lotum en þær eru kalda stríðið, íslenska velferðarríkið, deilur í Mið-Austurlöndum og Evrópusamruninn og er það *Frelsi og velferð* sem er námsbókin. Stór hluti af námsmati snýr að þátttöku í umræðum í tíma. Lokaprófið var svo með sama sniði og undanfarin ár þar sem þau fengu uppgefin ritgerðarefni tveimur vikum fyrir próf og gátu því undirbúið sig vel og hefur þetta fyrirkomulag reynst mjög vel.

Námsmat í 9. bekk er fjölbreytt, fyrir áramót notum við *Um víða veröld, jörðin* þar sem farið er yfir námsefni eins og eldgos, jarðskjálfta, kortalæsi og veðurfar. Námsmatið í þeim lotum var annars vegar að þau bjuggu til myndband með veðurfréttum og hins vegar *Borgin okkar* en það gekk út að að hanna og teikna borga þar sem taka þurfti tillit til allra innviða sem samfélag þarf til að íbúar geti búið þar.

Stuttu fyrir áramót fórum við í sagnfræði og var námsmat nemenda í meðal annars dagbókarfærslur. Þar settu nemendur sig í spor einstaklinga árið 1933 sem kaus Adolf Hitler og er stolt af því, og loks bréf sömu manneskju árið 1945 sem er full af eftirsjá. Þetta verkefni hefur gefist vel og hjálpar nemendum að skilja og skynja veruleika annars tíma á öðrum stað. Nemendur horfðu einnig á myndina *The Pianist* til að dýpka skilning sinn á Helförinni.

Í 8. bekk leggur deildin áherslu á landafræði og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem allar heimsálfurnar eru teknar og mannvistarlandafræði og menning eru til hliðsjónar. Mikil áhersla er svo lögð á framsögu og mismunandi kynningar þar sem nemendur koma annað hvort fram og kynna fyrir bekknum eða skila verkefnum í samstarfi við upplýsingatækni. Ein megináherslan í 8. bekk er samvinna þar sem þau vinna í því að nýta styrkleika hvers og eins og svo ábyrgð á eigin námi.

Á þessu skólaári fengum við úthlutað 30 tölvum til deildarinnar. Við skiptum þeim 10 á hverja stofu þeirra kennara sem kenndu mest og var þetta alger breyting til batnaðar varðandi verkefnaskil og vinnu nemenda. Í framtíðinni væri tilvalið að til væri tölva fyrir hvern nemanda þannig að það að notast við síma í verkefnaskilum væri alveg úr sögunni.

Þeir hlutir sem lagt var upp með fyrir þennan skólavetur gengu að flestu leiti upp, við höfðum ákveðið að leggja áherslu á meiri ritun í 10. bekk og að nota google umhverfið enn meir og erum við þokkalega sátt með hvernig tóks til. Við vorum fljót að bregðast við skertri kennslu vegna samkomutakmarkana og fundum hvað það að vera orðin rafræn hjálpaði okkur mikið í allri skipulagningu.

Í vetur fengum við inn tvo nýja kennara, Gunnhildi Sigurhansdóttur sem leysti Hilmar af. Ljóst var að Hilmar kæmi ekki aftur en á svipuðum tíma ákvað Gunnhildur halda ekki áfram hjá okkur heldur fara aftur í Réttarholtsskóla og svo kenndi Orri Þórðarson einum hópi í 10. bekk.

Garðabær, 14. júní 2021

Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir fagstærir samfélagsgreina

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði

Kennarar: Ásta Huld Henrysdóttir, Einar Andri Einarsson, Elena Einisdóttir, Elías Bragi Sólmundarson, Hjördís Eva Ólafsdóttir, Katrín Halldórsdóttir, Kristinn Sigurbergsson, Ragnheiður Stephensen og Svandís Ríkharðsdóttir.

Það eru þrjár ferðir í 8. og 9. bekk, hægferð þar sem nemendur fara hægar yfir efnið, fara því ekki yfir allt efnið og taka því sérpróf. Mið/hraðferð er hefðbundinn hraði þar sem nemendur klára grunnskólaefnið í lok 10. bekkjar. Að lokum er það flugferð þar sem nemendur klára grunnskólaefnið í lok 9. bekkjar og fara í fjölbrautaráfangu í 10. bekk. Í 10. bekk eru fjórar ferðir, hægferð eins og lýst var hér að ofan. Miðferð þar sem eru nemendur sem hafa verið að fá D eða C í stærðfræði í 9. bekk. Markmið hópsins er að ná C eða hærra á grunnskólaprófi og nemendur taka hefðbundin próf. Hraðferð þar sem nemendur stefna á B eða hærra á grunnskólaprófi. Að lokum er það flugferðin sem tekur fjölbrautarnámsefni.

Í 8. bekk eru tveir hægferðarhópar, fimm mið/hraðferðarhópar og tveir flugferðarhópar. Í 9. bekk eru tveir hægferðarhópar, fjórir mið/hraðferðarhópar og tveir flugferðarhópar. Í 10. bekk eru þrjár hægferðir, tvær miðferðir, þrjár hraðferðir og tvær flugferðir.

Fjöldi nemenda í hverri ferð skólaárið 2019-2020:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	30	28	31
Miðferð			30
Mið/hraðferð	95	90	
Hraðferð			69
Flugferð	75	53	
Fjölbrautahópur			47

Í vetur eins og síðustu þrjá vetur var lögð mikil áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, að nemendur viti til hvers er ætlast að þeim, þeir fái leiðsögn frá kennara og fái tækifæri til að bæta sig. Þetta gekk mjög vel og vinnan fólst í því að vera með stöðukannanir á eins til tveggja vikna fresti ásamt reglubókarverkefnum í lok hvers lotu í öllum árgöngum. Í þessum verkefnum sjá nemendur algjörlega hvar þeir standa og hvar þeir þurfa að

bæta sig. Eins og síðastliðin ár héldum við áfram með að láta nemendur fá yfirlit í lok hvers lotu sem sýnir hvernig gekk að ná hæfniviðmiðum lotunnar og gátu nemendur þá nýtt sér það ef tekið var endurtökupróf eða fyrir haust- og vorpróf.

Grunnþættir menntunar fléttast inn í stærðfræðikennsluna, læsi á þar stærsta plássið þar sem alltaf er verið að vinna með stærðfærðilæsi samhliða náminu. Sköpunin hefur hingað til fengið sinn sess í 10. bekk en sökum covid þurftum við að sleppa því verkefni í ár þar sem nemendur hanna sinn eigin skúlptúr og búa hann síðan til. Jafnrétti er höfð að leiðarljósi ásamt heilbrigði og velferð nemenda.

Ekkert þróunarverkefni eða breytingar voru í deildinni í vetur, erum við orðin nokkuð sátt með okkar áætlanir og verkefni þar sem mikil áhersla er lögð leiðbeinandi kennsluhætti.

Skólaárið gekk vel og stefnum við á að halda áfram á sömu braut.

Dreifing einkunna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaekunn vorið 2020

Einkunn	Hlutfall í 8. b.	Hlutfall í 8.b flugferð	Hlutfall í 9. b.	Hlutfall í 9.b flugferð	Hlutfall í 10. b.
A	0%	14,67%	1,69%	28,30%	29,21%
B+	18,40%	57,33%	11,86%	47,17%	20,22%
B	19,20%	21,33%	24,58%	22,64%	19,66%
C+	16,00%	5,33%	14,41%	0%	3,37%
C	14,40%	1,33%	15,25%	1,89%	10,67%
D	8,00%	0%	8,47%	0%	7,30%
Aðlagð námsefni/námsmat	24,00%		23,73%		8,99%
Undanþága/vottorð	0%		0%		0,56%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Skólahald í samkomubanni gekk nokkuð vel þrátt fyrir mikið álag að vera kenna þremur til fjórum ferðum í einu. Venndikennsla var notuð, nemendur skiluðu verkefnum á Goggle classroom og það gekk að mestu vel hjá nemendum. Mikill munur var að kennarar máttu fara á milli hópa.

Skólaárið gekk vel nokkuð vel og við ætlum að halda áfram á sömu braut þar sem leiðbeinandi kennsluhættur eiga hug okkar allan og nemendur því meðvitaðir um af hverju er ætlast af þeim.

Við erum mjög ánægð að vera komin með nýjan vegg á milli stofu 301 og stofu 302 ásamt nýjum gluggum í stofum 301-304. Ýmislegt sem þarf að bæta t.d. borð á efri hæð í nýju byggingu eru orðin lúgin og þarfnast lagfærngar þ.e. áklæði farið að rifna, ískrar í stólum og sum borð brotin.

Nemendur fengu val um að taka samræmt próf í stærðfræði og lítil hluti nemenda tók prófið. Við söknum þess ekki neitt að hafa niðurstöður úr samræmdu prófi þar sem okkur finnst þetta próf ekki segja mikið um stöðu nemenda.

Garðabær, júní 2021

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

Skýrsla skólasafns Garðaskóla

Forstöðumaður safnsins er Þórunn Grétarsdóttir kennari og Svanhildur E. Guðmundsdóttir starfar sem bókavörður.

Opnunartími Ássins – skólasafns var óbreyttur þann tíma sem engar covid takmarkanir voru á skólastarfi, mánudaga til fimmtudaga frá 8.10-15:30 og á föstudögum frá 8.10-14:30. Í nóvember og desember var skólasafnið notað sem kennslurými fyrir 9.HS og var því lokað fyrir öðru starfi.

Stafsemi safnsins

Skólasafninu er ætlað að vera vettvangur náms og fræðslu. Þangað eiga nemendur og starfsmenn að geta leitað til upplýsingaöflunar og úrvinnslu margs konar verkefna. Þar eru tiltækar margs konar bækur, skáldsögur og fræðibækur sem hvetja og örva nemendur til yndislestrar. Nemendur nýta safnið mikið, margir til náms og aðrir sem samastað og langflestir nemendur taka tillit til þeirra sem sækjast eftir næði til lestrar og náms.

Í desember 2019 var ákveðið að gera Ásinn að símalausu svæði og var þetta skólaár því fyrsta heila skólaárið þar sem þessi regla gildi. Starfsmenn safnsins finna áfram mun á samskiptum nemenda og virkni þeirra í rýminu eftir að reglan var sett á. Mikil vinna hefur þó áfram farið í að framfylgja reglunni, langflestir nemendur taka vel í ábendingar um símanotkun en það eru örfáir nemendur sem fara ítrekað ekki eftir fyrirmælum. Ef nemendur vantar tæki til að vinna skólaverkefni eru lánaðar Chromebook tölvur eða iPadar inn á safninu.

Vegna covid var ekki hægt að bjóða nemendum 8.bekkjar á kynningu á safninu og lestrarhvatningu við byrjun skólaárs en við sjáum það hversu mikilvægt er að nemendur fái þessa kynningu strax í upphafi skólagöngu sinnar.

Á hrekkjavökunni var safnið sett í hræðilegan búning, með aðstoð nemenda í myndlistarvali. Hrollvekjur, glæpa og draugasögur fengu sérstakan sess í hillum safnsins. Á bókasafninu var einnig samkeppni sem bæði nemendur og kennarar gátu tekið þátt í. Keppnin snerist um að skrifa hræðilegustu hryllingssöguna sem væri bara ein setning. Umsjónarkennarar voru hvattir til að nota yndislestartíma til þess að hlusta á stutta hryllingssögu eftir Ævar Þór og gefa nemendum tíma til að semja sínar sögur. Mjög góð þátttaka var í samkeppninni. Þrjár sögur stóðu upp úr og fengu höfundar þeirra gjafakort í ísbúðina að launum.

Ekki var hægt að bjóða nemendum 8.bekkjar á stefnumót við jólabækurnar vegna covid takmarkana. Í stað þess var búin til slides sýning með kynningu á öllum nýju bókunum sem umsjónarkennarar gátu

rennt yfir með nemendum sínum. Einnig voru sendar tillögur að ýmsum upplestrum höfunda á myndbandsformi sem hægt var að horfa á í yndislestri.

Þann tíma sem safnið var lokað vegna samkomutakmarkanna var nemendum og kennurum boðið að senda póst á starfsfólk safnins með óskum um bækur. Bókunum var þá komið til nemenda í umsjónarstofur þeirra. Þessi þjónusta var ekki mikið notuð en þó voru bekkir sem nýttu þetta tækifæri vel.

Á vordögum var öllum nemendum í 8. og 9. bekk boðið á bókasafnið í sumarlestrarhvatningu. Tveir til þrír bekkir komu saman og var hver kynning í kringum 25 mínútur. Nemendur fengu góð ráð til þess að viðhalda lestrarfærni sinni í sumarfríinu og einnig var kynnt fyrir þeim sumarlestraráskorun Garðaskóla. Fyrir hverja lesna bók í fríinu mega nemendur skila inn miða í lukkulestrarþott. Í haust verða dregnir út heppnir lesarar sem fá gjafabréf í bío, ísbúðina og á Lemon.

Safnkostur

Fjöldi nýrra bóka á skólaárinu voru 304 eintök. Leitast er við að kaupa allar nýútgefnar bækur sem henta nemendum skólans. Bætt hefur verið inn í seríur og bækur sem hefur þurft að endurnýja. Við fáum einnig ábendingar frá nemendum um bækur sem þau vilja lesa og vantar á safnið og reynum alltaf að verða við þeim óskum.

Útlán Útlán veturinn 2019-2020

Bækur 4540

Hljóðbækur 1

Mynddiskar 1

Alls 4542

Útlán veturinn 2020-2021

Bækur 4003

Hljóðbækur 0

Mynddiskar 2

Alls 4005

Garðabær, 11. Júní 2021

Þórunn Grétarsdóttir, forstöðumaður skólasafnsins

Skýrsla deildarstjóra Garðahrauns

SÉRTÆKT FRÍSTUNÐARÚRRÆÐI

Skýrsla þessi er um starfsemi Garðahrauns sem staðsett er í útihúsi tvö við Garðaskóla. Garðahraun er sértækt frístunðarúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk við grunnskóla í Garðabæ sem eiga lögheimili í Garðabæ.

Í þessari skýrslu verður farið yfir hvernig starfsemin var og hvernig hún gekk, hvernig hægt sé að bæta starfsemina og stuðla að þróun hennar ásamt því að nýta áfram það góða sem komið er. Meginhlutverk Garðahrauns er að bjóða börnum með fatlanir á aldrinum 10-16 ára upp á fjölbreytt, skapandi og einstaklingsbundið frístunð- og félagsstarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

GARÐAHRAUN

Garðahraun er sértækt frístunð- og félagsmiðstöðvarúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk með fatlanir í Garðabæ. Garðahraun er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til klukkan 17:00. Það voru sex til níu börn á aldrinum 10-14 ára skráð í Garðahraun á þessu skólaári. Covid hafði vissulega áhrif á starfsemina en nokkur börn sem byrjuðu hjá okkur, hættu svo í eða eftir covid. Í lok annarinnar voru alls sex börn skráð í Garðahraun. Flest börnin voru með viðverutíma til klukkan 16:00 eða 17:00 og var misjafnt hvort að þau fóru sjálf heim í lok dags, voru sótt eða tóku Pant akstur heim.

Í Garðahrauni leggur forstöðumaður upp með einstaklingsbundna starfsemi þar sem hvert og eitt barn ætti að finna eitthvað við sitt hæfi. Börn með einhverfu til dæmis eru alla jafna mikið fyrir skipulag og að vita fyrirfram hvað er að fara gerast. Í ár hefur verið sambland af skipulagðri dagsskrá og sveigjanleika, þar sem börnin fá tækifæri og eru hvött til þess að finna eitthvað að gera við sitt hæfi. Er þetta gert til þess að leyfa börnunum að kynnast því að hafa val og taka þau aðeins út úr stundatöflunni sem dagarnir þeirra snúast gjarnan í kringum.

Þegar að komuskráningu er lokið er síðdegishressing. Forstöðumaður hefur reynt eftir fremsta megni að hafa síðdegishressinguna í hollari kantinum; hrökkbrauð, álegg, ABmjólk, flatkökur, brauð, boost og ávextir eru í boði daglega. Á föstudögum er boðið upp á brauðmeti eins og pizzastykki, ostaslaufur, grillsamlokur, núðlur, kleinur eða kanilsnúða til dæmis. Þegar að síðdegishressingu lýkur fara börnin í leik og eru starfsmenn þeim innan handar til eftirlits, aðstoðar og félagskaps. Það sem er alltaf í boði að gera í Garðahrauni sér til dundurs er meðal annars að lita, perla, púsla, spila, leira, kubba og fara út að leika. Þá eru öll börnin með tölvu/Ipad tíma, tíminn er 20 mínútur á dag. Er þetta gert til þess að takmarka skjátímanotkun og ýta frekar undir félagslega þáttinn á meðan viðveru í Garðahrauni stendur. Í vetur höfum verið verið að fara á bókasafnið í Garðaskóla á þriðjudögum, stundum í félagsmiðstöðina Garðalund í playstation á fimmtudögum og svo er hefð að horfa á bíómynd á föstudögum.

LENGDIR/HEILIR DAGAR

Garðahraun er opið á þeim dögum sem ekki er skóli fyrir utan rauða daga, svo sem í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl eiga sér stað. Þá er opið frá kl. 8:00 til 17:00 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Börnin voru þá mismörg skráð en oftast tvö til þrjú. Á þessum dögum er venjulega reynt að bregða út af vananum og höfum við til að mynda farið í bíó, í Rush, á Kfc og fleira. Í ár var þó lítið sem ekkert um heimsóknir eða ferðir, vegna covid.

Garðahraun er eina skólatengda úrræðið sem er þvert á skólastofnanir bæjarins. Börn geta því verið í einhverjum af sex grunnskólum Garðabæjar en nýtt viðveru í Garðahrauni eftir skóla. Síðasta skólaár komu börnin úr fimm mismunandi skólum. Allir grunnskólar bæjarins eru með samræmda skipulagsdaga og kemur það sér vel fyrir skráningu á heilum dögum í Garðahrauni. Hins vegar hafa foreldra- og nemendaviðtalsdagarnir ekki verið samræmdir, sem verður til þess að lengdir dagar í Garðahrauni eru margfalt fleiri en í öðrum frístundaheimilum í Garðabæ. Það er því gleðilegt að vita til þess að búið er að samræma samráðsdagana í grunnskólum bæjarins.

STARFSMANNAMÁL

Í Garðahrauni störfuðu fjórir starfsmenn, forstöðumaður sem var í 100% starfi, einn starfsmaður sem starfaði bæði í skólanum og Garðahrauni og var því í 100% starfi og tveir starfsmenn voru í hlutastarfi eða 22.5% stöðu.

FORSTÖÐUMAÐUR/DEILDARSTJÓRI

Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd tómsundastarfs, daglegum rekstri og er hann faglegur leiðtogi starfsmanna. Markmið Garðahrauns er að veita börnum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagðar tómsundir við hæfi hvers og eins. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma óháð aldri þeirra, áhugasviði eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og foreldrasamstarf.

Starfssvið forstöðumanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Garðahrauns, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og út, öll samskipti við bæjarskrifstofur vegna dvalargjalds sem og samræmingu á starfi við önnur sértæk frístunda- og félagsmiðstöðvarúrræði, svo sem í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Samskipti við foreldra, þroskaþjálfara og kennara barnanna er stór hluti af starfi forstöðumanns, sem og samskipti við yfirmenn í Garðaskóla og fulltrúa hinna tómsundafélaganna í Garðabæ. Þá sér forstöðumaður um agamál, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við starfsmenn Garðahrauns.

Gert er ráð fyrir forstöðumanni í starfi með börnum en verkstjórnarhluti hans eykst eftir því sem börnum fjölgar.

Að halda starfsmannafundi er á ábyrgð forstöðumanns. Mikilvægt er að halda starfsmannafundi til að upplýsa starfsfólk um ýmis mál, taka stöðuna, halda fræðslu og fleira sem nauðsynlegt er að fylgi starfseminni.

Þá hefur sumarstarf fyrir börn og ungmenni með fatlanir einnig fallið undir starf forstöðumanns en fjallað verður nánar um það í kaflanum Sumarstarf hér síðar í skjalinu.

Forstöðumaður bendir á að starfsheitið fyrir yfirmann frístundar hjá Garðabæ er umsjónarmaður og leggur hann til að starfsheitinu verði breytt í forstöðumaður, líkt og algengt er. Við það eflist ábyrgðarhluti forstöðumanna og verða þeir meðvitaðri um stöðu fjárhagsmála frístundaheimilanna til dæmis, sem forstöðumaður telur rökrétt að eigi að falla undir starfslýsingu forstöðumanna frístundaheimila.

STUÐNINGSFULLTRÚAR

Starfsmenn Garðahrauns eru stuðningsfulltrúar en ekki leiðbeinendur líkt og á hefðbundnum frístundaheimilum. Er það vegna auknar ábyrgðar og álags sem getur myndast við að starfa með fötluðum. Starf stuðningsfulltrúa felur í sér umsjón með börnunum og að veita félagslegan stuðning frá því að skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Stuðningsfulltrúar í frístundaheimilum skulu tryggja börnum fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni, koma fram við þau af umhyggju og taka tillit til margbreytileika í hópnum. Börnin eru mis mörg alla dagana í Garðahrauni og eru starfsmenn tveir til þrír hverju sinni, fyrir utan forstöðumann en það fer einnig eftir stuðnings- og umönnunarmati barnanna. Forstöðumaður leggur upp með að það séu tvö til fjögur börn á hvern starfsmann, en þörfin er mis mikil eftir því sem verið er að gera. Eftir því sem börnunum fækkar þegar líður á daginn, minnkar starfsmannaþörfin og fara því sumir starfsmenn fyrr heim en aðrir. Tveir starfsmenn (fer eftir fjölda barna) bera ábyrgð á að loka tómsundaheimilinu. Forstöðumaður er mjög ánægður með starfsmannahópinn í vetur. Starfsmennirnir komu inn starfið af vilja og áhuga og gekk allt saman vel þrátt fyrir breytingar og takmarkanir vegna til dæmis Covid-19.

HÚSNÆÐI

Starfsemin var staðsett í útihúsi tvö við Garðaskóla. Rýmið þar er opið en notalegt og höfum við aðgang að lítilli eldhúsaðstöðu, klósetti og skjávarpa í útihúsinu. Við höfðum greiðan aðgang að tónmenntastofu, bókasafni og félagsmiðstöðinni Garðalundi í Garðaskóla og hefur verið vinsælt að fara þangað. Útisvæðið fyrir framan Garðahraun er vel nýtt á tímum Garðahrauns en við nýtum einnig útisvæðið fyrir framan Flataskóla af og til. Þá hefur nýi leikvöllurinn með ærslabelgnum verið mjög vinsæll en hann er staðsettur fyrir aftan fótboltavellina hjá Ásgarði.

VIÐVERUSKRÁNING

Oftast eru það forstöðumaður sem hefur yfirumsjón með því hvort að barn sé mætt eða ekki og kemur því í farveg að hringja og athuga með barn ef það skilar sér ekki. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi forstöðumann ef einhver breyting er á dagskipulaginu með góðum fyrirvara. Það kom nokkuð oft upp börn mættu ekki í Garðahraun og foreldrar höfðu ekki látið vita, en það fer mikill tími í það að hringja í foreldra til þess að ganga

úr skugga um að börn hefðu fengið leyfi til þess að sleppa að mæta. Forstöðumaður tekur við öllum tilkynningum í síma/og eða tölvupóst fyrir klukkan 13:00 á virkum dögum. Líkt og á skólatíma er börnum ekki heimilt að vera með síma í Garðahrauni. Ef börnin eru með síma meðferðis eiga þeir að vera í töskunni þar til þau fara heim. Það gilda þó aðrar reglur fyrir þau börn sem eru í 8.-10.bekk og geta þau fengið símatíma á meðan þau eru í Garðahrauni. Garðahraunssíminn er til taks ef foreldrar þurfa að ná í börnin á þeim tíma sem þau eru í Garðahrauni. Forstöðumaður hefur séð um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 25. hvers mánaðar. Ekki er innheimt fyrir júní og ágúst mánuði.

PANT AKSTUR/FRÍSTUNDABÍLLINN

Mörg börn koma í Garðahraun, úr skólanum, með Pant akstri (ferðapjónusta fatlaðra) og sum ferðast einnig í tómstundir sínar eða heim með ferðapjónustunni. Ferðirnar sjálfar hafa oftast gengið vel en stundum hefur bíll komið of seint eða á vitlausan stað. Fyrirkomulagið hjá Ferðapjónustunni á að vera með þeim hætti að börnunum er fylgt inn og út úr bílnum. Það hefur komið fyrir að það mætir bíll fyrir utan og enginn komi úr bílnum að sækja börnin. Þá hefur það einnig skeð að börnum er ekki fylgt úr bílnum, inn í Garðahraun. Er þetta ábótavant þar sem öll börnin eru með einhverskonar fötlunargreiningar og þó svo að fötlunin sé ekki líkamleg eða sjáanleg þá ber bílstjórunum að fylgja börnunum inn og út úr bílnum og aðstoða þau ef þörf er á.

Það er ábyrgð foreldra að breyta tímaskráningu hjá Pant akstri ef það á við. Forstöðumaður og starfsmenn Garðahrauns geta þó hringt eftir upplýsingum hjá Ferðapjónustunni, ef upp kemur grunur um misskilning eða vitlausa skráningu á ferðum barnanna.

Ef fleiri en eitt barn eru að koma frá sama stað, í Garðahraun er ekkert mál að samnýta ferðirnar hjá Ferðapjónustunni sem er mikill kostur og veitir börnunum gjarnan aukið öryggi.

Frístundabíllinn hefur ekki verið mikið notaður af börnum sem koma í Garðahraun, þó svo að það sé auðvitað í boði að nýta sér ferðir hans. Tímarnir sem Frístundabíllinn keyrir á hafa ekki hentað öllum hingað til og þá er staðsetningin sem hann stoppar á, næst Garðahrauni, heldur óhentug. Frístundabíllinn stoppar á fyrir framan Stjörnuheimilið og er það því töluverð ganga í Garðahraun.

SUMARSTARF

Forstöðumaður Garðahrauns hefur fengið það verkefni að sjá um undirbúning fyrir sumarstarf barna og ungmenna með fatlanir í Garðabæ. Starfsemin er tvískipt, annars vegar atvinnutengd frístund fyrir ungmenni með fatlanir og hins vegar stuðningur á sumarnámskeið fyrir börn á grunnskólaaldri með sérþarfir.

Atvinnutengd frístund er úrræði þar sem ungmenni með fatlanir fá tækifæri til þess að vinna hálfan daginn og vera í frístundarstarfi hálfan daginn, þó á launum allan daginn. Í atvinnutengdu frístundinni starfa einnig stuðningsstarfsmenn auk flokkstjóra.

Stuðningur á sumarnámskeið fyrir börn með sérþarfir er úrræði þar sem börn með fötlun geta farið á almenn námskeið og notið sín líkt og ófötlud börn, með stuðningsaðila.

Það er ábyrgð forstöðumanns Garðahrauns að ráða inn yfirflokkstjóra sem sér um allt skipulag sumarsins þegar forstöðumaður fer í sumarfrí, einnig þarf að ráða inn flokkstjóra yfir atvinnutengdu frístundinni og stuðningsaðila í bæði úrræðin. Mikilvægt er að allt starfsfólk sé yfir 18 ára aldri og helst yfir 20 ára, með reynslu af því að vinna með börnum/ungmönnum og/eða aðilum með fatlanir.

Undirbúningur fyrir sumarið hefur meðal annars falið í sér að finna út hverjir eru líklegir til að starfa í atvinnutengdu frístundinni og í kjölfarið að minna foreldra/forráðamenn ungmenna um að sækja um starf. Þá þarf einnig að fá upplýsingar um börn með sérþarfir/greiningar í grunnskólum Garðabæjar og minna foreldra/forráðamenn þeirra á að sækja um stuðning. Þá höfum við komið til móts við foreldra/forráðamenn barnanna ef að þau hafa stuðningsaðila í huga sem tilbúinn er að fylgja barni um sumarið. Það er því mikilvægt að vera í góðu sambandi við kjaradeild Garðabæjar og auglýsa skráningu fyrir stuðning á sumarnámskeiðum um það leiti sem atvinnuauklýsingar fara út fyrir sumarstörfin hjá Garðabæ.

Sumarnámskeiðin eru oftast auglýst um og í kringum sumardaginn fyrsta en einnig oft seinna en það. Samstarf forstöðumanns Garðahrauns við forsvarsmenn sumarnámskeiðanna þarf að vera meira. Tímalínan fyrir foreldra til að skrá börn sín á námskeið og koma upplýsingunum áfram til forstöðumanns þarf að vera í takt við það sem námskeiðin gefa út en einnig þarf hún að vera skýrari.

Í ár uppfærðum við reglur fyrir umsóknina um stuðning á sumarnámskeiðum og koma þær skýrt fram áður en að foreldri/forráðamaður fyllir út umsókn. Það ætti því ekki að vera vafamál hvað sé leyfilegt og hvað sé ekki í boði varðandi stuðningsstarfsseminu.

Síðustu tvö sumur höfum við boðið upp á viku sumarfrístund fyrir börn með sérþarfir. Þá er opið í eina viku í Garðahrauni og börnum sem hafa sótt um stuðning á sumarnámskeiðum boðin vistun. Dagskrá er frá klukkan 9:00 til 16:00 og hægt er að mæta allan daginn eða hálfan daginn. Starfsfólk á námskeiðinu eru þau sem ráðin eru inn sem stuðningsaðilar fyrir börn á sumarnámskeiðum. Þetta úrræði hefur verið vinsælt og eftirspurnin gjarnan meiri en framboðið hefur verið. Börn með sérþarfir/greiningar eiga oft erfitt með að finna námskeið sér við hæfi og því hentar rólegt námskeið sem er sérmiðað af þeirra þörfum oft mun betur. Forstöðumaður leggur því til að boðið verði upp á sumarfrístund í 4 vikur til dæmis eftir skólaslit fyrir börn

með sérþarfir. Hægt væri að horfa til nágrannasveitarfélaga, svo sem Kópavogs og Hafnarfjarðar hvað sumarúrræði fyrir börn með sérþarfir varðar.

Eins og staðan er núna þá er Garðahraun alla jafna fyrir börn í 5.-10.bekk en á sumrin ber forstöðumaður ábyrgð á starfsemi fyrir fötluð börn og ungmenni frá 6-25 ára. Forstöðumaður vill því benda á að mikilvægt er að skilgreina undir hvaða starfsemi eða svið sumarstarfsemin falli. Rökrétt væri að forstöðumaður Garðahrauns bæri ábyrgð stuðning á sumarnámskeið fyrir börn með sérþarfir, þar sem um er að ræða börn í bæði skiptin. 18-25 ára ungmenni eru hins vegar orðin fullorðin og því spurning hvort atvinnutengda frístundin ætti betur heima annarsstaðar.

Þá vill forstöðumaður benda á mig minna á mikilvægt þess að gert sé ráð fyrir sumarstarfsemi fyrir börn og ungmenni með fatlanir á fjárhagsáætlun.

TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

Það sem liggur helst fyrir núna eftir þetta skólaár, er að halda áfram að þróa starfsemi Garðahrauns. Úrræðið þarf að geta tekið á móti öllum börnum með fatlanir, en útihúsið er ekki nógu vel í stakk búið til þess að taka á móti einstaklingum í hjólastól til dæmis. Klósettið í útihúsinu er ekki hannað fyrir hjólastóla og er það ábótavant. Með stækkandi úrræði kemur að því að útihúsið verði of lítið fyrir starfseminu og muni ekki henta.

Nú liggur fyrir að Garðahraun flytji tímabundið á Álftanes, undir félagsmiðstöðina Elítuna. Í framhaldi fer Garðahraun vonandi undir nýtt ungmennahús sem verður á Garðatorgi. Á Álftanesi mun Garðahraun eiga aðstöðu í sal sem verður þeirra bækistöð en mun starfsemin einnig hafa greiðan aðgang að félagsmiðstöðinni, íþróttasal, sundlauginni og öllu hinu sem Álftanes hefur upp á að bjóða. Flott aðgengi er fyrir hjólastóla á nýja staðnum en þar er til dæmis lyfta á milli hæða og stærra klósett.

Forstöðumaður leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa skipulagsdaga í tómstundaheimilum bæjarins. Hægt væri að nýta skipulagsdaga í fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk frístundaheimilanna, til að mynda skyndihjálparnámskeið, fræðslu frá Greiningarstöðinni um ýmis konar fatlanir og fræðslu frá Einhverfusamtökunum. Þá væri fróðlegt að halda fræðslu um ADHD og kvíða hjá börnum svo eitthvað sé nefnt. Eins og staðan er í dag fá frístundaheimili í Garðabæ einn skipulagsdag á ári, sem er á sameiginlegum menntadegi leik- og grunnskóla bæjarins. Nauðsynlegt væri að hafa að minnsta kosti einn skipulagsdag á önn til þess að stuðla enn betur að faglega starfinu sem við erum að vinna.

Forstöðumaður leggur til að nokkrar hugmyndir verði framkvæmdar á næsta skólaári. Fréttabréf sem sent væri út einu sinni á tveggja vikna fresti til dæmis, þar færu upplýsingar heim til foreldra um það sem hefur verið gert í Garðahrauni sem skapar umræðu heima fyrir. Einnig er spurning með að efla félagsmiðstöðvar hluta starfsins en hingað til hefur starfsemin verið frístundamiðuð. Hjá Reykjavík eru úrræði líkt og Garðahraun bæði frístunda- og félagsmiðstöðvarstarf. Þá má nefna valtöflu fyrir klúbbastarf, afmælisvegg og myndir af starfsfólki.

Tillögur að úrbótum á sumarstarfinu má finna í kaflanum sumarstarf hér að ofan.

UMSÓKN OG VERÐSKRÁ

Umsóknareyðublað „frístund fyrir börn með sértækar stuðningsþarfir“ var undir lið 06. Málefni fatlaðs fólks, á Minn Garðabær. Nú hefur Vala frístund verið innleidd í frístundaheiminum bæjarins og við það breyttist umsóknin. Umsóknareyðublað má því finna nú undir „umsókn um frístundaheimili“ undir lið 02. Grunnskólar, á Þjónustugátt Garðabæjar (Minn Garðabær). Umsóknin leiðir foreldra/forráðamenn áfram á frístundavef Völunnar þar sem þau skrá tímaskráningu barnanna, sérþarfir, ofnæmi, ferðir Frístundabílsins eða Pant aksturs og allar aðrar upplýsingar sem viðkemur skráningu barnanna á frístundaheimili.

Gjaldskrá fyrir Garðahraun má finna á heimasíðu bæjarins undir: Stjórnsýsla – Fjármál – Gjaldskrár, undir Fræðslu- og menningarsviði skal velja Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar fyrir börn með sérþarfir í 5.-10. bekk.

LOKAORÐ

Framundan er skipulag fyrir næsta skólaár. Skráning er hafin og nú þegar hafa fimm börn verið skráð. Karítas er að hætta störfum sem forstöðumaður og hefur Rúna Hallsdórsdóttir verið ráðin til þess að taka við Garðahrauni á nýjum stað, Álftanesi.

Með Garðahraun sem stækkandi úrræði leggur forstöðumaður til að hópnum verði skipt niður í tvo hópa, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur saman. Ekki er þó víst að þetta fyrirkomulag henti fyrr en fleiri börn verði í eldri hópnum.

Forstöðumaður telur að sumarúrræði fyrir börn með sérþarfir sé ábótavant í Garðabæ og biður um að farið verði vel yfir þá hugmynd að hafa sumarfrístund í boði fyrir þennan hóp barna yfir ákveðinn tíma sumars.

Skólaárið gekk vonum framar og voru barna- og starfsmannahóparnir frábærir. Frábært var að sjá lausnarmiðaða starfsemi í Covid ástandinu. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að búa til, þróa og leiða þessa starfsemi og það er von mín að Garðahraun haldi áfram að þróast, vaxa og dafna. Ég þakka fyrir traustið og mig og hlakka til að fá að fylgjast með.

Karítas Bjarkadóttir

Umsjónarmaður Garðahrauns

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Ársskýrsla námsráðgjafar 2020-2021 gerir grein fyrir helstu áherslum og verkefnum í starfi náms- og starfsráðgjafa Garðaskóla. Tveir náms- og starfsráðgjafar eru í fullu starfi við skólann. Námsráðgjafar eru talsmenn nemenda og vinna að velferð þeirra í víðu samhengi, hvað varðar nám, líðan og framtíðaráform. Námsráðgjafar vinna í nánú samstarfi við nemendur, forráðamenn, kennara, skólustjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Samvinna er einnig við félagsmiðstöðina Garðalund, fræðslu- og menningarsvið og fjölskyldu- og heilbrigðissvið Garðabæjar, heilsugæsluteymi Garðabæjar og einnig er gott samstarf við aðra starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar.

Náms- og starfsráðgjöf: Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Námsráðgjafar hitta stóran hluta nemenda yfir veturinn þar sem ráðgjöf er einstaklingsbundin ásamt því að vera þátttakendur í teyrum utan um þá nemendur sem þurfa mestan stuðning. Þetta skólaárið störfuðu námsráðgjafar í 23 nemendateymum.

Mismunandi er hvernig nemendur nálgast námsráðgjafa skólans. Í flestum tilvikum koma nemendur beint á skrifstofu námsráðgjafa eða þanta viðtalstíma í gegnum INNU. Einnig með beiðni í gegnum umsjónarkennara og/eða forráðamenn.

Náms - og starfsráðgjöf: Hópráðgjöf og fræðsla

Í upphafi skólaárs fara námsráðgjafar inn í alla bekk skólans og kynna sig og starfsemina. Einnig hitta námsráðgjafar alla nemendur í 8. bekkjum skólans í minni hópum í upphafi skólaárs þar sem starfsemi námsráðgjafar er kynnt og m.a. rætt um samskipti og bekkjaranda. Starfsfræðsla, sem hefur verið fastur liður á vordögum hjá 8. og 9. bekk, féll niður í ár vegna Covid 19. Í 10. bekk hafa námsráðgjafar m.a. kynnt námsframboð framhaldsskólanna, innritunarferlið og val á brautum í framhaldsskóla ásamt því að bjóða forráðamönnum nemenda í 10. bekk á upplýsingafund vegna innritunar í framhaldsskóla, upplýsingafundurinn féll niður vegna Covid 19 en foreldrum/forráðamönnum var haldið vel upplýstum með reglulegum tölvupóstum og sumir óskuðu eftir að koma í viðtal. Starfamessa hefur verið fastur punktur í desember fyrir alla árganga skólans þar sem forráðamenn kynna störf sín, en í ár varð ekkert af henni sökum Covid 19. Þó nokkuð var um það í vetur að bekkjarhópar komu í hópráðgjöf að beiðni umsjónarkennara að vinna með samskipti innan hópsins.

Helstu viðfangsefni vetrarins í náms- og starfsfræðslu:

- Áhugasviðskönnun og túlkun niðurstaðna
- Upplýsingar um námsframboð framhaldsskóla fyrir 10. bekk
- Áfanga- og bekkjarkerfi kynnt
- Upplýsingar um innritunarferli

Nemendur í 10. bekk höfðu kost á því að taka áhugakönnunina Bendil á vorönn sem 99 nemendur þáðu þetta skólaárið. Í framhaldinu fengu nemendur einstaklingsviðtal hjá námsráðgjafa þar sem niðurstöður voru ræddar með hliðsjón af vali þeirra á námsbrautum í framhaldsskóla. Ef nemendur þurftu meiri leiðsögn þá var þeim boðið annað viðtal. Opin hús hjá framhaldsskólum féllu flest öll niður eða voru með öðru sniði í ár sökum Covid 19. Námsráðgjafar settu upplýsingar og kynningar á framhaldsskólum inn á vefsvæði 10. bekkja á heimasíðu Garðaskóla.

GERT – verkefnið í Garðaskóla

GERT verkefnið - Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Garðaskóli er aðili að verkefninu en markmiðið með þátttöku er auk þess sem hér var nefnt, að efla sýn nemenda á þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru innan þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að GERT verkefninu. Allar heimsóknir í fyrirtæki féllu niður þetta skólaár vegna Covid 19 líkt og á síðasta skólaári.

Ýmis verkefni: Nemendaráðgjöf

Þetta skólaárið störfuðu tíu nemendur í 9. og 10. bekkjum sem nemendaráðgjafar, en það er valfag þar sem nemendaráðgjafar starfa undir leiðsögn námsráðgjafa m.a. að jafningjafræðslu fyrir yngri nemendur. Nemendaráðgjafar tóku m.a. á móti 7. bekkjum, kynntu skólann, voru tvisvar yfir veturinn með jafningjafræðslu, annars vegar um samskipti og einelti og hins vegar um það að vera nemandi í Garðaskóla. Þau gerðu veggspjöld, annars vegar í forvarnarviku þar sem þau hvöttu samnemendur til að standa með sjálfum sér og hins vegar á vordögum þar sem þau gerðu slagorð sem hvöttu nemendur til umhugsunar um fjölbreytileika og fordóma.

Atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk, sem vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningalega örðugleika að stríða sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla. Markmiðið er að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra og auk þess að vinna með umhverfislæsi þeirra. Vinnuskóli Garðabæjar greiðir nemendum laun fyrir vinnu sína. Á skólaárinu stunduðu fjórir nemendur skólans atvinnutengt nám á ólíkum starfsvettvangi sem tengdist áhugasviði þeirra. Námsráðgjafi var tengiliður á milli nemenda og vinnustaðar og var samstarf gott.

Starfshættir námsráðgjafa á tímum Covid 19

Ástandið í samfélaginu hafði nokkur áhrif á starf námsráðgjafa þar sem skólahaldi var breytt frá og með 4. nóvember í tvær vikur. Nemendur stunduðu fjarnám að miklu leyti og margir nemendur náðu að nýta sér námsráðgjöf til þess að skipuleggja nám sitt.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

- Skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda og eftirfylgd með þeim
- Seta í áfallaráði skólans
- Skráning fundargerða nemendaverndarráðs
- Seta í eineltisteymi skólans

- Þátttaka í undirbúningi fyrir forvarnarviku
- Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar

Endurmenntun og viðhald fagþekkingar námsráðgjafa

- Fyrirlestur á starfsmannafundi um einhverfu (ágúst 2020)
- Vefráðstefna. En ég var einn, úrræði og lausnir. Sjálfsmynd stráka og kerfið (september 2020)
- Fyrirlestur um Tourette heilkenni (september 2020)
- Þátttaka og erindi í Þjóðarspeglinum, ráðstefnu í félagsvísindum. Tækniskólaval í grunnskóla - Mikilvægt að fá að prófa! (október 2020)
- Vefráðstefna. Strákar, stelpur. Heilinn, geðheilsan, námið. Sjálfsmynd stráka og kerfið (nóvember 2020)
- Ofbeldisvarnarskólinn (desember 2020)
- Vefráðstefna. Skaðlegar birtingarmyndir/ofbeldi. Sjálfsmynd stráka og kerfið (janúar 2021)
- Fyrirlestur um mikilvægi svefns, Dr. Erla Björnsdóttir (janúar 2021)
- Vefráðstefna. Úrræði og leiðir. Sjálfsmynd stráka og kerfið (mars 2021)
- KVAN námskeið (mars - maí 2021)

Lokaorð

Skólaárið 2020-2021 voru tveir námsráðgjafar í fullu starfi við Garðaskóla. Verkefni námsráðgjafa voru margvísleg þennan veturinn líkt og áður. Nokkur erfið mál komu á borð námsráðgjafa og fóru þau mál inn á dagskrá nemendaverndarráðs sem vísaði málunum í viðeigandi ferla, t.d. var nokkrum málum vísað til Heilsugæsluteymis Garðabæjar, tilkynnt til barnaverndar Garðabæjar eða til annarra fagaðila. Nokkuð margir nemendur leituðu til námsráðgjafa vegna depurðar eða kvíða eins og undanfarin ár.

Ástandið í samfélaginu á skólaárinu hafði áhrif á skólastarf og líðan nemenda. Það var mikil áskorun fyrir nemendur að takast á við stóran hluta af námi sínu í fjarnámi og venjuleg rúttína fór úr skorðum. Margir nemendur leituðu til námsráðgjafa til að fá aðstoð við að skipuleggja tíma sinn og aðhald á þessum tímum. Það var gaman að sjá hvernig þetta fyrirkomulag á námi hentaði mörgum nemendum og margir nemendur töluðu um það hversu gott þeim fannst að hafa þetta fyrirkomulag. Það er oft mikið álag á nemendum sem eru í alls kyns tómstundum og félagslífi og hjá mörgum nemendum var ákveðinn léttir að hafa minna að gera. Að sama skapi átti hópur nemenda erfitt með að fóta sig og halda utan um nám og rúttínu þegar skipulagið fór úr skorðum.

Þátttaka nemenda á samfélagsmiðlum tengist oft komu nemenda til námsráðgjafa á einhvern hátt, en þar koma oft upp samskiptavandamál sem birtist svo í skólanum. Töluvert var um að stelpur leituðu til

námsráðgjafa vegna lélegrar sjálfs- og/eða líkamsímyndar. Þær komu bæði fyrir sjálfar sig eða höfðu áhyggjur af vinkonum sínum.

Það er ósk okkar námsráðgjafa að næsta vetur muni skólastarf verða með eðlilegum hætti. Við sjáum fyrir okkur að efla mjög náms- og starfsfræðslu fyrir 10. bekk til að undirbúa þau sem best undir næsta skólastig. Við teljum einnig þörf á að huga mun betur að líðan nemenda þar sem tilfinningaleg vandamál og kvíði hafa verið að koma fram hjá nokkuð stórum hópi þeirra og ekki útlit fyrir að það verði minna næsta skólaár.

Garðabæ, júní 2021,

Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Margrét Eiríksdóttir

náms- og starfsráðgjafar Garðaskóla